

Ársskýrsla 2000 *Annual Report 2000*

Tímabilið 1. janúar 1999 til 30. júní 2000

Ársreikningur 1999

*The Period January 1st 1999 to June 30th 2000
Annual Accounts 1999*

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	2
1. FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ OG STARFSEMI ÞESS	3
1.1 Fjármálaeftirlitið	3
1.2 Stefnumótun og skipulag	4
1.3 Verkefni	6
2. YFIRLIT YFIR STARFSEMINA 1. JANÚAR 1999 TIL 30. JÚNÍ 2000	9
2.1 Könnun á innra eftirliti og áhættustýringu	9
2.2 Eftirlit með upplýsingatækni	9
2.3 Eftirlit á einstökum sviðum fjármálamarkaðar	10
2.3.1 Lánamarkaður	10
2.3.2 Verðbréfamarkaður	10
2.3.3 Vátryggingamarkaður	11
2.3.4 Lífeyrissjóðir	12
2.4 Upplýsingar veittar um fjármálamarkaðinn	13
2.5 Rekstur Fjármálaeftirlitsins	13
3. FJÁRMÁLAMARKAÐURINN – ÞRÓUN OG HORFUR	17
3.1 Lána- og verðbréfamarkaður	17
3.2 Lífeyrissjóðir	21
3.3 Vátryggingamarkaður	25
4. ÁHERSLUR Í STARFI FJÁRMÁLAEFTIRLITSINS NÆSTU MISSERI	29
4.1 Áhættustýring og innra eftirlit	29
4.2 Markaðsaðhald	30
4.3 Starfshættir á verðbréfamarkaði	30
4.4 Breytingar á starfsumhverfi	31
5. EFTIRLITSSKYLDIR AÐILAR	33
5.1 Flokkar eftirlitsskyldra aðila	33
5.2 Fjölgun eftirlitsskyldra aðila og breytingar á starfsleyfum þeirra á tímabilinu 1. janúar 1999 til 30. júní 2000.	33
5.2.1 Lánamarkaður	33
5.2.2 Verðbréfamarkaður	33
5.2.3 Lífeyrissjóðir	34
5.2.4 Vátryggingamarkaður	34
5.2.5 Aðrir eftirlitsskyldir aðilar	34
5.3 Listi yfir eftirlitsskylda aðila	35
6. LAGABREYTINGAR	38
6.1 Almenn	38
6.2 Lánamarkaður	38
6.3 Verðbréfamarkaður	38
6.4 Lífeyrissjóðir	40
6.5 Vátryggingastarfsemi	40
7. ÁRSREIKNINGUR FME 1999	41

CONTENTS (ENGLISH SUMMARY)

INTRODUCTION	2
FME AND ITS OPERATIONS	8
SUMMARY OF OPERATIONS 1 JANUARY 1999 – 30 JUNE 2000	15
THE FINANCIAL MARKET – TRENDS AND OUTLOOK	
THE CREDIT- AND SECURITIES MARKETS – TRENDS AND OUTLOOK	20
THE PENSION FUNDS – TRENDS AND OUTLOOK	24
THE INSURANCE MARKET – TRENDS AND OUTLOOK	28
THE FME'S SUPERVISORY EMPHASIS	32
PARTIES SUBJECT TO SUPERVISION	33

Inngangur

Fjármálaeftirlitið tók til starfa 1. janúar 1999 á grundvelli laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Tók Fjármálaeftirlitið við starfsemi bankaeftirlits Seðlabanka Íslands og Vátryggingaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitið gefur nú út fyrstu ársskýrslu sína. Í skýrslunni er gerð grein fyrir starfsemi stofnunarinnar fyrsta eina og hálfá árið. Fjallað er um þróun og horfur á fjármálamarkaði, en Fjármálaeftirlitið gaf fyrr á árinu út á heimasíðu sinni skýrslur sem unnar voru upp úr ársreikningum og öðrum upplýsingum um starfsemi fjármálafyrirtækja. Þá er greint frá áherslum í starfsemi Fjármálaeftirlitsins næstu misseri. Ársreikningur Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 1999 er birtur í skýrslunni auk lista yfir eftirlitsskylda aðila miðað við 30. júní 2000.

Fjármálaeftirlitið hyggst í framtíðinni gefa út ársskýrslu sína að hausti og greina þá frá starfsemi sinni frá 1. júlí fyrra árs til 30. júní. Heppilegt þykir að fjallað sé um starfsemi stofnunarinnar og eftirlit þegar ársreikningar allra eftirlitsskyldra aðila liggja fyrir.

Með ársskýrslunni hyggst Fjármálaeftirlitið sinna upplýsingaskyldu sinni gagnvart fjármálafyrirtækjum, viðskiptamönnum þeirra og öðrum sem láta sig íslenskan fjármálamarkað varða. Fjármálaeftirlitið birtir einnig á heimasíðu sinni margvíslegt efni um eftirlitið og fjármálamarkaðinn. Heimasíða Fjármálaeftirlitsins er www.fme.is.

Introduction

The Financial Supervisory Authority, Iceland (FME) is, according to the Official Supervision of Financial Operation Act, No 87/1998, the single supervisory authority for the Icelandic Financial Sector. The FME began its operation on 1 January 1999. Before that time the Bank Inspectorate of the Central Bank of Iceland and the Insurance Supervisory Authority had carried out the supervision.

This first annual report of the FME contains information on the Authority's operations, trends and outlook on the financial market and the future supervisory emphasis of the FME.

The FME's website, www.fme.is, contains news and press releases issued by the Authority, description of its activities, information on consumer services and complaints committees for financial issues, and reports published by the FME. The website also provides access to English translations of major laws, regulations and rules that apply to the operations of parties subject to supervision.

Chairman of the Board of FME is Mr Tryggvi Jonsson. Director General of the FME is Mr. Pall Gunnar Palsson and Deputy Director General is Mr. Ragnar Hafliðason

Fjármálaeftirlitið og starfsemi þess

The FME and its Operations

- Sjálfstæð stofnun með sjálfstæðan fjárhag.
- Áhersla á eftirlit með áhættu í starfsemi eftirlitsskyldra aðila.
- Fjölbreytt verkefni – margs konar eftirlitsaðferðir.

1.1 Fjármálaeftirlitið

Fjármálaeftirlitið starfar samkvæmt lögum nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum. Jafnframt er kveðið á um heimildir og skyldur stofnunarinnar í lögum um einstaka þætti fjármálastarfsemi. Í lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, er kveðið á um eftirlitsgjald sem eftirlitsskyldir aðilar greiða, en þeir standa alfarið undir kostnaði af eftirlitinu.

Fjármálaeftirlitið er ríkisstofnun sem lýtur sérstakri stjórn, en heyrir stjórnskipulega undir viðskiptaráðherra. Hann skipar stjórnarmenn til fjögurra ára í senn og er einn stjórnarmaður tilnefndur af Seðlabanka Íslands. Ráðherra skipar formann stjórnar.

Í stjórninni eru:

- Tryggvi Jónsson, lög-giltur endurskoðandi, aðstoðarforstjóri Baugs hf., formaður;
- Lárus Finnbogason, löggiltur endurskoðandi, varaformaður;
- Finnur Ingólfsson, bankastjóri Seðlabanka Íslands (tók við af Birgi Ísleifi Gunnarssyni, bankastjóra Seðlabanka Íslands, í byrjun árs 2000).

Varamenn í stjórn eru:

- Benedikt Árnason, skrifstofustjóri, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti (tók við af Kjartani Gunnarssyni, skrifstofustjóra, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, haustið 1999);
- Þuríður I. Jónsdóttir, héraðsdómslögmaður;
- Ingimundur Friðriksson, aðstoðarbankastjóri Seðlabanka Íslands.

Hlutverk stjórnar er að móta áherslur í starfi eftirlitsins og fylgjast með starfsemi þess og rekstri. Stjórnin hefur sett reglur um störf sín og eru þær birtar á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins. Hún ræður forstjóra, sem stjórnar daglegri starfsemi og rekstri stofnunarinnar.

Páll Gunnar Pálsson er forstjóri Fjármálaeftirlitsins og Ragnar Hafliðason aðstoðarforstjóri.

Unnt er að skjóta ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins til sérstakrar kærunefndar. Kærunefndin er skipuð af viðskiptaráðherra, en Hæstiréttur tilnefnir nefndarmenn og formann hennar.



Stjórn FME, varamenn í stjórn, forstjóri og aðstoðarforstjóri

FJÁRMÁLA EFTIRLITIÐ


SMIÐJA

1.2 Stefnumótun og skipulag

Stefnumótun

Fjármálaeftirlitið starfar samkvæmt staðfestri stefnumótun sem reglulega er löguð að breyttum aðstæðum. Á fyrri hluta árs 1999 staðfesti stjórn Fjármálaeftirlitsins stefnumótun fyrir stofnunina og var hún endurskoðuð og staðfest að nýju lítið breytt í júní á þessu ári.

Í stefnumótuninni koma fram grundvallarsjónarmið í starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Hlutverk stofnunarinnar er skilgreint nánar auk þess sem lagður er grunnur að starfsmannastefnu, samskiptum við eftirlitsskylda aðila og eftirliti með þeim. Einnig er fjallað um samstarf innan stjórnsýslunnar og við eftirlitsaðila innanlands og utan svo og áhrif



Fjármálaeftirlitsins á fjármálaumhverfið. Þá er leitast við að skilgreina viðmið í starfsemi stofnunarinnar þannig að unnt sé að leggja mat á hvernig til hefur tekist.

Stefna Fjármálaeftirlitsins byggir á að lögð sé rækt við uppbyggileg samskipti við eftirlitsskylda aðila en taka fast á málum þegar út af bregður. Fjármálaeftirlitið tekur þátt í umfjöllun og umræðu um mótun á heilbrigðu og traustu fjármálaumhverfi og leitar samstarfs við hlutaðeigandi aðila í því skyni.

Fjármálaeftirlitið kappkostar að fylgjast með áhættuþáttum í starfsemi eftirlitsskyldra aðila og að þeir hafi fullnægjandi yfirsýn yfir þá. Lagt er kapp á að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé hagað þannig að viðskiptamenn og almenningur geti treyst því að í allri fjármálaþjónustu séu hagsmunir viðskiptamanna hafðir að leiðarljósi og lögum, reglum og eðlilegum og heilbrigðum viðskiptaháttum fylgt. Fjármálaeftirlitið veitir stjórnendum eftirlitsskyldra aðila aðhald í samræmi við þetta, fylgist með því að umrædd meginsjónarmið séu í heiðri höfð og grípur til aðgerða þegar ástæða er til.

Skipurit

Skipurit stofnunarinnar er byggt á sömu

meginsjónarmiðum og stefnumótunin. Í skipulaginu er lögð áhersla á að nýta sem best þá þekkingu og reynslu sem starfsmenn búa yfir. Eftirlitinu er ekki skipt í hefðbundnar deildir heldur reynt að virkja þekkingu á einu sviði fjármálamarkaðar í eftirliti á öðrum sviðum. Stuðlað er að því að vinnubrögð og viðhorf í eftirliti séu sem líkust á öllum sviðum. Skipulagið byggist á öflugum samstarfi starfsmanna þar sem þekking hvers og eins fær að njóta sín.

Í skipuritinu eru verkefni Fjármálaeftirlitsins greind í þrennt: Samskipti, eftirlit og gagnasafn. Kappkostað er að haga vinnu við söfnun og skráningu gagna og afgreiðslu ýmissa erinda þannig að nægilegt svigrúm sé til að sinna vel meginverkefni Fjármálaeftirlitsins, þ.e. eftirlitinu sjálfu.

Stefnumótun Fjármálaeftirlitið

Hlutverk

Fjármálaeftirlitið veitir eftirlitsskyldum aðilum uppbyggilegt og markvisst aðhald og styður við mótun á skilvirki og traustri fjármálastarfsemi, þar sem áhersla er lögð á faglegt innra skipulag fjármálafyrirtækja. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með eftirlitsskyldum aðilum og rækir hlutverk sitt með því að fylgjast með því að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur og samþykktir sem um starfsemina gilda og að öðru leyti í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti.

Stefna

Almennt

Fjármálaeftirlitið starfar í samræmi við skýra stefnu sem reglulega eru lögðu að breyttum aðstæðum. Byggt er á faglegu og metnaðarfullu innra starfi sem er forsenda þess að stofnunin geti sinnt hlutverki sínu.

Starfsmennirnir og stofnunin

Lögð er áhersla á fagmennsku þar sem úrlausnir byggja á einföldum og skilvirkum verkferlum.

Í rekstri er tekið mið af því sem best gerist hvort sem það snýr að hagræðingu eða fyrirkomulagi innri mála.

Kappkostað er að móta áhugaverðan vinnustað, þar sem áhersla er lögð á að auka og viðhalda hæfni, þekkingu og reynslu starfsmanna.

Lögð er áhersla á að starfsaðstaða og tæknibúnaður sé á hverjum tíma eins og best gerist.

Vel unnin verk eru metin að verðleikum.

Eftirlitsskyldir aðilar

Kappkostað er að fylgjast með áhættum í starfsemi eftirlitsskyldra aðila og að þeir hafi fullnægjandi yfirsýn yfir þær. Áhersla er lögð á uppbyggileg samskipti við eftirlitsskylda aðila.

Trúnaðar og trausts er gætt í samskiptum og meðferð upplýsinga við eftirlitsskylda aðila og lögð er áhersla á festu í efnistöku og jafnræði við afgreiðslu mála.

Við úrlausn mála er ávallt leitað leiða til að tryggja hagsmuni viðskiptamanna eftirlitsskyldra aðila og almennt heilbrigði og stöðugleika fjármagnsmarkaðar, en samtímis er aðilum gefið svigrúm til að þróa starfsemina og bjóða uppá nýjungar.

Samstarfsaðilar

Í samræmi við hlutverk sitt leggur Fjármálaeftirlitið áherslu á gott samstarf við aðila sem hafa eftirlits- eða stjórn-sýsluhlutverki að gegna á fjármagnsmarkaði svo sem Seðlabanka Íslands, Samkeppnisstofnun og Verðbréfabing Íslands hf.

Lögð er áhersla á að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi, þar á meðal við erlendar systurstofnanir.

Fjármálaumhverfi

Fjármálaeftirlitið stuðlar að heilbrigðri og traustri fjármálastarfsemi með öflugri upplýsingamiðlun um störf og viðhorf stofnunarinnar, fjármálastarfsemi og fjármagnsmarkaðinn.

Fjármálaeftirlitið er þátttakandi í umræðu og tillögugerð um mótun og aðlögun löggjafar á fjármagnsmarkaði.

Viðmið í starfsemi

Starfsmennirnir og stofnunin

Stuðst er við verkþátt og skjalavistunarkerfi, þar sem hver og einn stendur skil á vinnu sinni og sett eru tíma-viðmið um vinnslu ákveðinna verkefna.

Rekstraráætlanir eru unnar og bornar eru saman stærðir úr rekstri stofnunarinnar við fyrri ár. Til hljóðsónar eru hafðar upplýsingar úr rekstri stofnana og fyrirtækja sem æskilegt er talið að miða við.

Starfsmannaviðtöl eru notuð sem stjórnþæki, þar sem leitast er við að fá fram viðhorf starfsmanna til starfsins og starfsumhverfisins, rætt um árangur í starfi og hvað betur má fara.

Framlag stofnunarinnar til menntunar starfsmanna og starfsaðstöðu er metið.

Mat er lagt á samkeppni um starfsfólk við fjármálafyrirtæki.

Eftirlitsskyldir aðilar

Áhrif og árangur af starfsemi Fjármálaeftirlitsins á fjármagnsmarkaðinn eru metin á reglubundinn hátt. Skoðuð eru dæmigerð mál á tímabilinu, lyktir og þáttur stofnunarinnar metinn, þ.á.m. hvort markmiðum hafi verið fylgt við úrlausn þeirra og hvort farið hafi verið að tilmælum eftirlitsins.

Reglulega er metið viðhorf til samskipta við stofnunina t.d. hvort skil á gögnum og innheimta eftirlitsgjalds hafi gengið greiðlega og vel fyrir sig. Skoðaðar eru kvartanir eftirlitsskyldra aðila.

Samstarfsaðilar

Reglubundin endurskoðun á sér stað á samstarfi og verkefnaskiptingu milli Fjármálaeftirlits og samstarfsaðila, svo sem ráðuneyta, Seðlabanka Íslands og Samkeppnisstofnunar.


Fjármálaumhverfi

Lagt er mat á þátt Fjármálaeftirlits í upplýsingamiðlun og umræðu á fjármagnsmarkaði.

Fjallað er um umræður um eftirlitið í fjölmiðlum og á öðrum vettvangi.

Reglubundið mat er lagt á stöðu stofnunarinnar á einstökum sviðum í samanburði við erlendar systurstofnanir.

Staða FME í stjórnerkerfinu



1.3 Verkefni

Tilhögun eftirlits

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með fjármálafyrirtækjum á öllum sviðum fjármála-markaðar. Eftirlitsskyldir aðilar voru 175 hinn 30. júní sl. Í lok kafla 5 er birtur listi yfir þá.

Fjármálaeftirlitið leggur áherslu á eftirlit með stórum fjármálafyrirtækjum, enda geta erfiðleikar í starfsemi þeirra haft alvarlegar afleiðingar fyrir fjármálakerfið í heild. Þrátt fyrir þetta mun eftirlit með hinum smærri jafnframt taka mikinn tíma, enda er starfsemi þeirra oft viðkvæm.

Eftirlit stofnunarinnar fer í meginatriðum fram með þrennum hætti:

- Í fyrsta lagi með margháttaðri reglubundinni upplýsingasöfnun um rekstur og efnahag eftirlitsskyldra aðila. Kallað er eftir upplýsingum sem sýna hvort tiltekin grundvallarskilyrði í starfsemi fyrirtækjanna séu uppfyllt. Þessi upplýsingasöfnun veitir yfirsýn yfir stöðu og þróun á einstökum sviðum fjármálamarkaðarins auk vísbendinga um hvert stefnir í rekstri einstakra fjármálafyrirtækja.
- Í öðru lagi fer eftirlit Fjármálaeftirlitsins fram með ýmsum sértekum eftirlitsaðgerðum. Sérstakar heildarathuganir eða skoðanir eru gerðar á starfsemi einstakra aðila á starfsstöðvum þeirra. Þá fara einnig fram sérstakar athuganir á einstökum þáttum í starfsemi eins eða fleiri eftirlitsskyldra aðila í senn.
- Í þriðja lagi fer eftirlitið fram með skriflegum fyrirspurnum til eftirlitsskyldra aðila um ákveðna þætti í starfsemi þeirra.

Fjármálaeftirlitið sinnir margvíslegum fyrirspurnum og erindum frá eftirlitsskyldum aðilum og viðskiptamönnum þeirra, m.a. um túlkun laga og reglna. Einnig fjallar Fjármálaeftirlitið um veitingu starfsleyfa, samruna og fleiri atriði.

Þá birtir Fjármálaeftirlitið skýrslur sem unnar eru upp úr ársreikningum og öðrum upplýsingum um starfsemi fjármálafyrirtækja.

Vistun úrskurðarnefnda

Auk þess að sinna fyrirspurnum viðskiptamanna eftirlitsskyldra aðila vistar Fjármálaeftirlitið tvær úrskurðarnefndir sem viðskiptamenn geta leitað til. Fjármálaeftirlitið tekur við málskotum neytenda, sér nefndunum fyrir fundaraðstöðu og annast almennt skrifstofuhald fyrir þær.

Önnur nefndin er Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, en hún fjallar um ágreining um bóta-skyldu, þar á meðal sök og sakarskiptingu, milli neytenda og váttryggingafélags. Úrskurðarnefndin starfar samkvæmt samkomulagi viðskiptaráðuneytisins, Neytendasamtakanna og Sambands íslenskra tryggingafélaga. Úrskurðarnefndin tók til starfa árið 1994 og tekur fjölda mála til úrskurðar á ári hverju. Árið 1999 voru málskot 312.

Hin nefndin er Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, en hún fjallar um ágreining viðskiptamanna við lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki eða dótturfyrirtæki þeirra. Einnig fjallar nefndin um ágreining um yfirfærslur á milli viðskiptareikninga milli landa. Úrskurðarnefndin starfar samkvæmt samkomulagi viðskiptaráðuneytisins, Sambands íslenskra viðskiptabanka, Sambands íslenskra sparisjóða, Samtaka verðbréfafyrirtækja, Samtaka lánastofnana, Neytendasamtakanna og Fjármálaeftirlitsins, frá 8. júní 2000.

Mótun laga og reglna

Fjármálaeftirlitið tekur virkan þátt í mótun laga og reglna á fjármálamarkaði, en eðlilegt er að þekking og reynsla eftirlitsaðila sé nýtt við þá

vinnu. Með þátttöku sinni leitast Fjármálaeftirlitið við að koma á framfæri sjónarmiðum sem tryggja eiga öryggi í starfsemi og starfsháttum á fjármálamarkaði.

Samstarf

Fjármálaeftirlitið á gott samstarf við ráðuneyti, stofnanir og aðra aðila sem tengjast málefnum fjármálamarkaðar og eftirliti með honum. Áhersla er lögð á skýra verkaskiptingu milli þessara aðila og Fjármálaeftirlitsins. Fjármálaeftirlitið og Seðlabanki Íslands hafa gert með sér samstarfssamning þessa efnis.

Fjármálaeftirlitið tekur þátt í erlendu samstarfi sem í meginatriðum er þríþætt, þ.e. á sviði bankaeftirlits, verðbréfaeftirlits og váttryggingaefirlits. Samstarfið gerir kleift að nýta á íslenskum fjármálamarkaði reynslu og þekkingu annarra þjóða. Fjármálaeftirlit á Norðurlöndum hafa með sér náið samstarf. Þá tekur Fjármálaeftirlitið þátt í samstarfi Evrópuþjóða sem tengist aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu, bæði samstarfi eftirlitsaðila og starfi sérfræðinga við undirbúning EES-gerða. Einnig er Fjármálaeftirlitið beinn aðili að alþjóðasamtökum váttryggingaefirlita.



The FME and its operations

The FME is a state authority with its own Board and reports to the Minister of Commerce. The Board of Directors is appointed for a term of four years. The Board appoints a General Director, who is in charge of the day-to-day activities and operation of the Authority.

Policy and organisation

The policy of the FME is based on a constructive relationship with parties that are subject to supervision, while at the same time showing firmness if necessary. The FME ensures that the activities of parties subject to supervision are in accordance with laws, regulations, and sound and proper business practices. In its supervision of financial services, the Authority stresses the importance of safeguarding the interests of the consumer. Special emphasis is put on monitoring risk factors in the operations of parties subject to supervision.

The FME seeks to use its knowledge in one sector of the financial market for the benefit of supervisory activities in other sectors and to ensure that supervisory procedures are consistent in every respect. The policy and organisational chart of the FME can be accessed in English on FME's web site.

General projects

The FME supervises financial companies in Iceland in all financial sectors. Parties subject to supervision were 175 on 30 June this year.

The supervision is largely conducted through regular collection of information on the operations and financial position of parties subject to supervision (off-site), various specific surveillance operations (on-site) and written enquiries on specific aspects. In addition, the FME responds to enquiries and requests from parties subject to supervision and their clients and gives recommendations regarding operating licenses, mergers etc. The FME publishes reports that are compiled from the annual accounts of financial institutions and other data on their activities. The FME also participates in the formation of legislation and regulations of the financial market.

The FME co-operates with other Nordic financial supervisory authorities as well as taking part in European co-operation of supervisory authorities and expert groups in relation with Iceland's participation in the European Economic Area.

The FME accommodates two committees to which consumers can turn with their complaints, viz. the Insurance Complaints Committee and the Complaints Committee on Transactions with Financial Companies.

Yfirlit yfir starfsemina 1. janúar 1999 til 30. júní 2000

Summary of Operations

- Áhersla á eftirlit með áhættustýringu og innra eftirliti stórra fyrirtækja.
- Athugasemdir vegna útlánaaukningar, vaxandi markaðsáhættu og þróunar eiginfjárhlutfalls lánastofnana.
- Misbrestir í starfsháttum á verðbréfamarkaði.
- Iðgjaldahækkunar váttryggingafélaga og breytingar á stöðu bátaábyrgðarfélaga.
- Margvísleg viðfangsefni í sambandi við aðlögun lífeyrissjóða að nýju umhverfi.

2.1 Könnun á innra eftirliti og áhættustýringu

Stefnumótun Fjármálaeftirlitsins sýnir að stofnunin leggur áherslu á að faglegt innra skipulag fjármála-fyrirtækja sé til staðar og kappkostar að fylgjast með áhættu í starfsemi þeirra og að þau hafi full-nægjandi yfirsýn yfir hana. Áhersla hefur verið lögð á að fá yfirlit yfir ástand mála hjá stórum fjármála-fyrirtækjum.

Í samræmi við þetta hefur Fjármálaeftirlitið athugað sérstaklega ástand innra eftirlits og áhættustýringar í mörgum fyrirtækjum og á öllum sviðum fjármála-markaðar. Ástæður þess eru einkum þrjár:

- Í fyrsta lagi er með því lögð áhersla á ábyrgð eftirlitsskyldra aðila sjálfra á eigin starfsemi og eftirliti með henni.
- Í öðru lagi er brýnt að þessir þættir í starfi þeirra séu ávallt í góðu horfi. Sérstaklega á þetta við um núverandi aðstæður, en mikil þensla á fjármálamarkaði veldur hættu á mistökum við ákvarðanir sem leitt geta til erfiðleika þegar undan hallar.
- Í þriðja lagi er verkefni af þessu tagi vel til þess fallið að fylgjast enn frekar með fjármála-markaðinum í heild og ástandi hjá einstökum aðilum. Þá þekkingu er unnt að nota til að gera störf Fjármálaeftirlitsins markvissari og til að byggja upp styrkara eftirlitakerfi. Með athuguninni hefur og skapast tækifæri til umræðna og skoðanaskipta við stjórnendur eftirlitsskyldra aðila um þessi efni.

Athuganir Fjármálaeftirlitsins hafa einkum beinst að stjórnskipulagi fyrirtækja, markmiðssetningu í starfsemi, tilvist og beiting áhættustýringarreglna, innra eftirliti og virkni innri endurskoðunar. Til dæmis hefur verið hugað að innra eftirliti með útlánum lánastofnana og eftirliti með markaðsáhættu í starfsemi og áhættustýringu á þessum þáttum. Fjármálaeftirlitið hefur brýnt fyrir stjórnnum fyrirtækja að vera vakandi fyrir ábyrgð sinni og undir það búnað að axla hana.

Ástand innra eftirlits og áhættustýringar er afar mismunandi frá einu fyrirtæki til annars. Áhættu-

stýring og innra eftirlit með rótgrónum þáttum í starfsemi fjármálafyrirtækja er yfirleitt í betra horfi en þegar ný eða ört vaxandi fjármálaþjónusta á í hlut.

Fjármálaeftirlitið hefur gert margvíslegar athugasemdir við útlánavöxt og þróun eigin-fjárhlutfalls. Einnig hefur stofnunin beint sjónum sínum að fjármögnun lána, en erlendar lántökur fjármálafyrirtækja, þ.á m. skammtímalán, hafa verið miklar. Þá hefur Fjármálaeftirlitið gert athugasemdir við skipulag og eftirlit varðandi markaðsáhættu fjármálafyrirtækja, en hún hefur vaxið hratt og innra eftirlit setið á hakanum í ýmsum tilvikum. Hefur Fjármálaeftirlitið lagt áherslu á að til staðar séu reglur sem takmarka áhættu og að þeim sé fylgt.

2.2 Eftirlit með upplýsingatækni

Álitaefnum sem tengjast upplýsingatækni í starfsemi eftirlitsskyldra aðila fer sífellt fjölgandi. Fjármálafyrirtæki bjóða í auknum mæli þjónustu á Interneti eða eftir öðrum slíkum leiðum. Mikilvægt er að tryggja öryggi í slíkri starfsemi. Einnig verður að gæta þagnarskyldu og tryggja ábyrgð og eftirlit stjórnenda fjármálafyrirtækja sem í hlut eiga. Þetta á ekki síst við þegar stýring og varsla upplýsingakerfa er falin utanaðkomandi aðilum. Ýmis álitaefni sem tengjast þessu hafa komið til athugunar, m.a. hvort ný þjónusta fjármálafyrirtækja falli undir starfsheimildir þeirra.

Fjármálaeftirlitið hafði eftirlit með viðbúnaði eftirlitsskyldra aðila vegna svokallaðs 2000-vanda. Haldnir voru fundir með fulltrúum flestra stórra og meðalstórra fyrirtækja á öllum sviðum fjármálamarkaðar og reiknistofum þeirra. Þá beindi Fjármálaeftirlitið margháttuðum tilmælum til eftirlitsskyldra aðila, hafði frumkvæði að samráði þeirra í milli, tók þátt í og skipulagði vöktun um áramótin og miðlaði upplýsingum um ástand á fjármálamarkaði. Alvarleg vandamál hafa ekki komið upp í tengslum við 2000-vandann, m.a. vegna góðs undirbúnings.

Athuganir m.a. beinst að stjórnskipulagi fyrirtækja, markmiðssetningu, áhættustýringarreglum og virkni innri endurskoðunar.

Áhersla lögð á ábyrgð stjórnafjármálafyrirtækja.

2.3 Eftirlit á einstökum sviðum fjármálamarkaðar

2.3.1 Lánamarkaður

Eins og áður er fram komið hefur Fjármálaeftirlitið lagt áherslu á athugun á innra eftirliti og áhættustýringu. Í tengslum við þessa og aðrar athuganir hefur Fjármálaeftirlitið sérstaklega beint sjónum sínum að eiginfjárlutfalli lánastofnana. Hefur það lýst áhyggjum sínum af þróun eiginfjárlutfalls, útlánaaukningu og erlendum lántökum lánastofnana, einkum til skamms tíma. Gerir Fjármálaeftirlitið auknar kröfur til þess að lánastofnanir geri grein fyrir markmiðum sínum í þessum efnunum og fylgi þeim eftir. Jafnframt leggur eftirlitið mat á þau markmið.

8 % eiginfjárlutfall ekki nægilegt.

Fjármálaeftirlitið hefur brýnt það fyrir lánastofnunum að þær eigi ekki að líta svo á að skilyrði um 8% eiginfjárlutfall samkvæmt lögum sé fullnægjandi í sérhverju tilviki. Skilyrðið um 8% eiginfjárlutfall byggist á tilskipunum Evrópusambandsins og á rætur að rekja til eiginfjárreglna Baselinefndar um bankaeftirlit.

Hugmyndir kynntar um kerfisbundið mat á eiginfjárbörf einstakra lánastofnana.

Fjármálaeftirlitið hefur kynnt fyrir lánastofnunum að það hyggist í framtíðinni meta sjálfstætt stöðu einstakra lánastofnana og þar með hversu hátt eiginfjárlutfallið þurfi vera í einstökum tilvikum. Fjármálaeftirlitið hefur ekki lagaheimildir til að ákveða hversu hátt eiginfjárlutfall skuli vera gagnvart einstökum lánastofnunum, en getur sett fram tilmæli um þetta á grundvelli almennra starfsheimilda. Samkvæmt tillögum um nýjar alþjóðlegar eiginfjárreglur Baselinefndar um bankaeftirlit, sem fram komu í byrjun júní 1999, er gert ráð fyrir því að eftirlitsstofnanir hafi ótvíræðar heimildir til að ákveða hærra eiginfjárlutfall í einstökum tilvikum. Þessar heimildir eru þegar til staðar í sumum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu.

Með hliðsjón af þessu hefur Fjármálaeftirlitið kynnt fyrir lánastofnunum hugmyndir um að meta á kerfisbundinn hátt hvort markmið þeirra um eigið fé séu í samræmi við stöðu og áhættu í hverju tilviki. Mat Fjármálaeftirlitsins yrði fólgið í því að skoða eigið fé, gæði eigna, stjórnun, arðsemi, lausafjárstöðu og næmni fyrir markaðsáhættu. Á grundvelli þessa mats yrði fyrirtækjum gefin einkunn og þörf viðkomandi fyrirtækis fyrir eigið fé metin. Auk þess nýttist matið í öðrum þáttum eftirlits.

Fjármálaeftirlitið hefur jafnframt lýst því yfir að stærstu lánastofnanir hér á landi með virka áhættustýringu og innra eftirlit skuli stefna að því að eiginfjárlutfall samkvæmt lögum (CAD-hlutfall) sé á hverjum tíma að lágmarki 10%. Jafnframt er ljóst að margar lánastofnanir þurfa að setja sér enn hærri markmið um eigið fé í samræmi við áhættu í starfsemi þeirra. Sérstaklega hefur verið varað við því að víkjandi lán séu í ríkum mæli tekin til að fullnægja skilyrðum um eiginfjárlutfall, en lánastofnunum ber að mati Fjármálaeftirlitsins að stefna að því að eiginfjárlutfall án víkjandi lána sé að lágmarki 8%. Með tilliti til smæðar markaðarinnar og aðstæðna að öðru leyti má gera ráð fyrir að eiginfjárlutfall þurfi að vera nokkru hærri hér en annars staðar. Til samanburðar má benda á að eiginfjárlutfall lánastofnana annars staðar á Norðurlöndum eru nokkru hærri en hér.

Á tímabilinu var starfsemi flestra sparisjóða athuguð sérstaklega, þar sem eiginfjárstaða, stórar áhættuskuldbindingar, afskriftaþörf útlána og fleiri þættir voru teknir til skoðunar. Í nokkrum tilvikum þurfti Fjármálaeftirlitið að grípa til sérstakra aðgerða vegna lágs eiginfjárlutfalls sparisjóða auk þess sem athugasemdir voru gerðar við fleiri þætti.

Nokkrar breytingar hafa orðið á lánamarkaði með samruna fyrirtækja. Fjármálaeftirlitið hafði eftirlit með og gaf umsögn um samruna Íslandsbanka hf. og FBA hf. annars vegar og Samvinnusjóðs Íslands hf. og Fjárvangs hf. hins vegar. Þá hefur Fjármálaeftirlitið gefið umsagnir um starfsleyfi Greiðslumiðlunar hf. og Kreditkorta hf. sem lánastofnana.

2.3.2 Verðbréfamarkaður

Verkefni Fjármálaeftirlitsins á verðbréfamarkaði hafa einkum verið af þrennum toga.

Í fyrsta lagi hafa athuganir á innra eftirliti og áhættustýringu m.a. beinst að starfsemi á verðbréfamarkaði, sbr. umfjöllun hér að framan.



Fjármálaeftirlitið hefur gert athugasemdir og krafist úrbóta vegna skipulags og eftirlits með markaðsáættu fjármálfyrirtækja, en hún hefur vaxið hratt og innra eftirlit oft setið á hakanum. Jafnframt hafa verið gerðar athugasemdir við skipulag fjármálfyrirtækja, þ.m.t. aðskilnað starfsþátta, ástand upplýsingakerfa og það hvernig staðið er að ákvörðunum og þátttöku stjórnanna í stefnu-mótun og eftirliti.

Í öðru lagi hefur Fjármálaeftirlitið tekið til athugunar vísbendingar um brot á IV. kafla laga nr. 13/1996, um verðbréfavíðskipti, einkum meint brot á ákvæðum um innherjavíðskipti. Fjármálaeftirlitið hefur vísað einu máli til Ríkislögreglu-stjóra. Jafnframt hefur það tekið þátt í samstarfi við önnur stjórnvöld og aðra aðila á fjármálamarkaði um mótun skýrari og árangursríkari reglna um innherjavíðskipti.

Í þriðja lagi hefur Fjármálaeftirlitið tekið til skoðunar ýmis mál sem varða eðlilega og heilbrigða starfsáættu fjármálfyrirtækja á verðbréfa-markaði. Meginatriðið í þessu sambandi er að víðskiptamaður geti treyst því að hagsmunir hans séu hafðir í fyrirrúmi. Atvik hafa komið upp í tengslum við víðskipti fjármálfyrirtækja fyrir eigin reikning við fjárvörsluþega á þeirra vegum og hvernig nokkur fyrirtæki hafa fylgt eftir innri reglum um verðbréfavíðskipti starfsmanna.

Fjármálaeftirlitið vinnur að mótun reglna um verðbréfavíðskipti, sem fyrirtækjum í verðbréfa-þjónustu ber að setja sér. Þetta eru:

- reglur um aðskilnað hagsmuna innan fyrirtækis (Kínamúra),
- reglur um eigin víðskipti fyrirtækja, víðskipti starfsmanna og stjórnenda með verðbréf og
- reglur um atvinnuþátttöku stjórnarmanna og starfsmanna.

Fjármálaeftirlitið birti í júlí síðastliðnum leiðbeiningar um efni þessara reglna á heimasíðu sinni og veitti fjármálfyrirtækjum og víðskiptamönnum þeirra frest fram í september til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Fjármálaeftirlitið er nú með þau sjónarmið sem fram komu til athugunar og mun síðan beina því til fjármálfyrirtækja að setja sér nýjar reglur. Augljós greinarmunur er á sjónarmiðum Fjármálaeftirlitsins og margra fjármálfyrirtækja í þessu tilliti. Hverju einstöku fyrirtæki ber að leita staðfestingar Fjármálaeftirlitsins á reglunum.

Fjármálaeftirlitið hefur auk þessa tekið málefni nokkurra fyrirtækja í verðbréfaþjónustu til athugunar, m.a. vegna erfiðleika í rekstri, og gert athugasemdir og krafist úrbóta í þeim tilvikum.

Fjármálaeftirlitið er aðili að samtökum evrópskra eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði, FESCO (Forum of European Securities Commissions), og hefur kynnt opinberlega ýmsar nýjar grunnreglur og skýrslur sem samtökin standa að og samþykktar hafa verið á starfstímabilinu. Fjármálaeftirlitið hefur skuldbundið sig til að beita sér fyrir samræmingu reglna á verðbréfamarkaði á grundvelli þeirra grunnreglna og viðmiðana sem FESCO gefur út.

2.3.3 Vátryggingamarkaður

Hækkanir á iðgjöldum lögboðinna ökutækja-trygginga hafa sett mark sitt á verkefni Fjármálaeftirlitsins á þessu sviði. Tvisvar hafa iðgjöld innlendu vátryggingafélaganna hækkað verulega, í fyrra skiptið vorið 1999 og aftur vorið 2000. Í bæði skiptin tók Fjármálaeftirlitið iðgjaldabreytingarnar til athugunar og kynnti niðurstöður sínar opinberlega.

Athuganir Fjármálaeftirlitsins á iðgjöldum beinast einkum að tvennu, annars vegar að ganga úr skugga um að þau séu nægilega há eða í samræmi við áhættu sem tekin er og hins vegar að þau séu sanngjörn í garð vátryggingataka. Umræða um iðgjöld í lögboðnum ökutækjetryggingum hér á landi hefur sem kunnugt er beinst að síðara atriðinu.

Í ágúst 1999 birti Fjármálaeftirlitið niðurstöður sínar vegna iðgjaldahækkunar þá um vorið. Gerðar voru ýmsar athugasemdir, en ekki reyndust forsendur til að meta iðgjaldabreytingar ósann-

Úrbóta þörf í eftirliti með markaðsáættu.

Vísbendingar um innherjavíðskipti.

Nýjar reglur um Kínamúra og verðbréfavíðskipti

Iðgjaldahækkanir teknar til athugunar.

Átak í eftirliti með vátryggingamiðlurum.



Flutningur á váttryggingastofni.

Endurskoðun á ársreikningareglugerð.

gjarnar í skilningi laga. Í júlí síðastliðnum birti Fjármálaeftirlitið álit sitt á iðgjaldahækkunum um vorið og var niðurstaðan sú að váttryggingafélögin hefðu sýnt fram á aukna óvissu í greininni og að ekki væru forsendur til að grípa til aðgerða vegna þess að hækkunar teldust ósanngjarnar. Í kjölfar hækkanna hefur efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis fjallað um málið og hefur Fjármálaeftirlitið skilað nefndinni ítarlegri skýrslu. Öll þessi gögn eru birt á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins.

Í kjölfar athugunar Fjármálaeftirlitsins á iðgjaldahækkunum á árinu 1999 hefur verið unnið að endurskoðun reglugerðar um ársreikninga og samstæðureikninga váttryggingafélaga annarra en líftryggingafélaga, nr. 613/1996. Skipuð hefur verið nefnd til þess að sinna verkefninu og er hún að störfum. Eitt meginhlutverk hennar er að finna leiðir til að gera rekstur váttryggingafélaga og forsendur í starfsemi þeirra sýnilegri og beita þannig markaðsaðhaldi. Auk þessa er Fjármálaeftirlitið að huga að reglum um mat á tjónaskuld váttryggingafélaga, sem því er heimilt að setja.

Á fyrri hluta þessa árs athugaði Fjármálaeftirlitið starfsemi váttryggingamiðlara hér á landi. Það gerði í mörgum tilvikum athugasemdir og krafðist úrbóta, m.a. vegna þess hvernig upplýsingaskyldu samkvæmt lögum um váttryggingastarfsemi var sinnt. Þessu til viðbótar hefur Fjármálaeftirlitið þurft að grípa til sérstakra aðgerða gagnvart einstökum váttryggingamiðlurum.

Fjármálaeftirlitið hefur hugað sérstaklega að málefnum bátaábyrgðarfélaga. Í tengslum við athuganir á iðgjaldahækkunum í lögboðnum ökutækjatrýggingum hafa málefni eins bátaábyrgðarfélags, sem býður slíkar tryggingar, verið athuguð. Þá hefur Fjármálaeftirlitið haft til skoðunar málefni

tiltekins bátaábyrgðarfélags vegna vandamála sem upp komu í rekstri þess. Váttryggingastofn félagsins hefur nú verið fluttur til annars váttryggingafélags og var félaginu bannað að taka nýtryggingar þar til ákvörðun verður tekin um annað. Ákvörðun um framtíð félagsins verður tekin á næstu mánuðum.

Fjármálaeftirlitið heimilaði á tímabilinu yfirfærslu á váttryggingastofni Tryggingar hf. í frumtryggingum og innlendum endurtryggingum til Tryggingamiðstöðvarinnar hf. Félagið heldur enn starfsleyfi sínu, en starfsemi þess er takmörkuð.

2.3.4 Lífeyrissjóðir

Með lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sem tóku gildi 1. júlí 1998, var tekin ákvörðun um að starfsemi lífeyrissjóða skyldi lúta sambærilegu opinberu eftirliti og önnur fjármálafyrirtæki og var það eftirlit falið Fjármálaeftirlitinu, sem hefur á tímabilinu lagt grunn að því.

Meginþungi í eftirliti með lífeyrissjóðum á tímabilinu hefur tengst umsóknum þeirra um starfsleyfi. Samkvæmt lögum var lífeyrissjóðum gert að sækja um starfsleyfi til fjármálaráðuneytisins, en Fjármálaeftirlitið veitir umsögn um þau. Lífeyrissjóðir sem starfa samkvæmt sérlögum, eins og t.d. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins og Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, þurftu ekki að sækja um starfsleyfi, en þurfa staðfestingu fjármálaráðuneytis á samþykktum sínum. Veiting starfsleyfa og staðfesting samþykktu reyndist mun tímafrekari en áætlað var í upphafi og er þeim rétt að ljúka um þessar mundir. Ennþá eiga fjórir lífeyrissjóðir eftir að fá starfsleyfi. Engin umsókn var afgreidd án athugasemda og hefur það valdið nokkrum vonbrigðum hve aðlögunin reyndist mörgum lífeyrissjóðum erfið í framkvæmd. Á tímabilinu voru afgreiddar 68 umsagnir um starfsleyfi eða staðfestingu á samþykktum.

Í tengslum við breytingar á réttindakerfi og samþykktum lífeyrissjóða hefur Fjármálaeftirlitið komið að úrslausn ýmissa álitaefna sem varða réttindi sjóðfélaga.

Mörg verkefni Fjármálaeftirlitsins hafa tengst samstarfi lífeyrissjóða við verðbréfafyrirtæki og lánastofnanir, m.a. með samningum um vörslu verðbréfafyrirtækja og lánastofnana á fjármunum lífeyrissjóða. Jafnframt hafa nokkrir lífeyrissjóðir stofnað fyrirtæki í verðbréfaþjónustu, sem ein-



göngu sinna þjónustu við þá, og hefur Fjármálaeftirlitið veitt umsagnir um þau starfsleyfi.

Álitaefni sem tengjast viðbótarlífeyrissparnaði, sem lífeyrissjóðum, lánastofnunum, verðbréfafyrirtækjum og líftryggingafélögum er heimilt að veita viðtöku, hafa jafnframt verið til athugunar af hálfu Fjármálaeftirlitsins sem fær samninga og reglur um viðbótarlífeyrissparnað til umsagnar.

Athugun stendur yfir á tryggingafræðilegum úttektum nokkurra lífeyrissjóða í því skyni að leggja mat á forsendur og aðferðafræði sem þær eru byggðar á. Eitt mikilvægasta atriði lífeyrissjóðalaganna er að eign lífeyrissjóðs ásamt núvirði framtíðariðgjalda skuli vera jafnhá núvirði væntanlegs lífeyris. Mikilvægt er að samræma forsendur og aðferðir sem liggja til grundvallar tryggingafræðilegum úttektum.

2.4 Upplýsingar veittar um fjármálamarkaðinn

Fjármálaeftirlitið hefur leitast við að upplýsa almenning og fjármálafyrirtæki um starfsemi sína og ástand fyrirtækja á fjármálamarkaði, innan þeirra marka sem reglur um þagnarskyldu og meðferð trúnaðarupplýsinga setja. Í þessu skyni hefur Fjármálaeftirlitið komið sér upp heimasíðu, www.fme.is, en þar er að finna fréttir og fréttatilkynningar sem stofnunin birtir, lýsingu á starfsemi hennar, upplýsingar um neytendaþjónustu og úrskurðarnefndir á fjármálamarkaði og skýrslur sem Fjármálaeftirlitið birtir um eftirlitsskylda aðila. Á heimasíðunni er einnig veittur aðgangur að helstu lögum, reglugerðum og reglum sem eftirlitsskyldir aðilar starfa eftir.

Fjármálaeftirlitið birtir árlega skýrslur sem unnar eru upp úr ársreikningum og öðrum upplýsingum um starfsemi fjármálafyrirtækja. Skýrslurnar eru birtar á heimasíðu stofnunarinnar. Einnig er hægt að nálgast þær á skrifstofu Fjármálaeftirlitsins, sem hefur birt eftirtaldir skýrslur frá því að það hóf starfsemi sína:

- Lánastofnanir, fyrirtæki í verðbréfaþjónustu, verðbréfasjóðir, efnahagur pr. 31/12 1998, rekstur á árinu 1998, ýmsar kennitölur og aðrar upplýsingar.
- Lánastofnanir, fyrirtæki í verðbréfaþjónustu, verðbréfasjóðir, efnahagur pr. 31/12 1999, rekstur á árinu 1999, ýmsar kennitölur og aðrar upplýsingar.

- Lífeyrissjóðir, ársreikningar 1998, ýmsar kennitölur, aðrar upplýsingar.
- Lífeyrissjóðir, ársreikningar 1999, ýmsar kennitölur, aðrar upplýsingar.
- Ársreikningar váttryggingafélaga, 1998.
- Váttryggingagreinar, 1998.
- Ársreikningar váttryggingafélaga, 1999.

Samstarf lífeyrissjóða við önnur fjármálafyrirtæki

2.5 Rekstur Fjármálaeftirlitsins

Eftirlitsgjaldið

Fjármálaeftirlitið hefur tekjur sínar af álögðu

eftirlitsgjaldi á eftirlitsskylda aðila. Eftirlitsgjald á árinu 1999 var lagt á og innheimt samkvæmt þágildandi ákvæðum 16. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, sbr. reglugerð nr. 777/1998 um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og auglýsingu viðskiptaráðuneytisins, dags 6. janúar 1999. Samkvæmt fyrrgreindum ákvæðum var eftirlitsgjaldið lagt á sem lágmarksgjald eða ákveðinn hundraðshluti heildareigna eða nánar tilgreindra eigna, rekstrartekna eða iðgjalda eftirlitsskyldra aðila í samræmi við eðli viðkomandi starfsemi. Við það var miðað að gjaldið samræmdest sem mest áætlaðri tekjuþörf stofnunarinnar. Álagningargrunnur eftirlitsgjalds á árinu 1999 byggðist á ársreikningum eftirlitsskyldra aðila fyrir árið 1997.

Með lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, voru fyrrgreind ákvæði um eftirlitsgjaldið endurskoðuð. Nú er að öllu leyti kveðið á um álagningu og innheimtu gjaldsins í lögum. Álagningin og framkvæmd hennar er áfram byggð á sömu sjónarmiðum og áður var lýst. Þó er eftirlitsgjaldið nú innheimt ársþriðjungslega í stað ársfjórðungslega. Jafnframt eru álagningarhlutföllin nú ákveðin í

www.fme.is
Ýmsar skýrslur.



lögum. Af því leiðir að viðskiptaráðherra þarf á hverju ári að leggja fyrir Alþingi tillögu til breytinga á álagningarhlutföllum, sbr. 5. gr. laganna. Eftirlitsgjald fyrir árið 2000 var lagt á samkvæmt þessum lögum.

Ársreikningur fyrir árið 1999

Tekjur Fjármálaeftirlitsins á árinu 1999 námu alls 210 m.kr., en þar af voru tekjur af eftirlitsgjaldi tæplega 200 m.kr. Gjöld samtals námu tæplega 175 m.kr. Tekjuafgangur varð af rekstrinum á árinu sem nam 35,6 m.kr. Þrjár meginástæður voru fyrir því. Í fyrsta lagi varð stofnkostnaður við kaup á tölvubúnaði lægri en áætlað var þar sem gerður var rekstrarleigusamningur um búnaðinn í stað þess að kaupa hann. Í öðru lagi var ekki ráðið í eins margar stöður og gert hafði verið ráð fyrir í rekstraráætlun og í þriðja lagi urðu tekjur stofnunarinnar nokkru hærri en áætlað hafði verið. Tekjuafgangur af starfsemi Fjármálaeftirlitsins kemur til frádráttar við álagningu eftirlitsgjalds næsta árs.

Rekstrarumfang og innheimta eftirlitsgjalds á árinu 2000

Eftirlitsgjald á árinu 2000 byggist á álagningarhlutföllum, skv. 5. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Við ákvörðun hlutfallanna var gert ráð fyrir að innheimtar yrðu rúmlega 185 m.kr. Nú er hins vegar gert ráð fyrir að álagningin nemi 7,1 m.kr. hærri fjárhæð, eða rúmlega 192 m.kr. Ástæður þessa eru tvíþættar. Annars vegar er um að ræða áhrif lágmarksgjalda og hins vegar hækkun vegna nýrra eftirlitsskyldra aðila.

Álagning eftirlitsgjalds fyrir árið 2001 er nú í undirbúningi. Frumvarp til laga um breytingu á álagningarhlutföllum, sbr. 5. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, hefur verið lagt fram. Samkvæmt því er gert ráð fyrir að álagt eftirlitsgjald fyrir næsta ár nemi um 195 m. kr., en jafnframt er gert ráð fyrir rekstrarafgangi vegna yfirstandandi árs, sem nemi 32,6 m.kr.

Starfsmannamál

Í árslok 1999 störfuðu alls 28 starfsmenn hjá stofnuninni í um 24 stöðugildum. Þar af voru þrír starfsmenn ráðnir tímabundið í hlutastarf eða til sérstakra verkefna.

Alls fluttist 21 starfsmaður til Fjármálaeftirlitsins í ársbyrjun 1999 frá forverum stofnunarinnar, Vátryggingaeftirlitinu og bankaeftirliti Seðlabanka Íslands. Á árinu 1999 voru ráðnir til stofnunarinnar tveir sérfræðingar og starfsmaður í hálf dagsstarf. Á fyrri hluta ársins 2000 lét einn sérfræðingur af störfum og annar var ráðinn í hans stað. Meirihluti starfsmanna Fjármálaeftirlitsins er sérfræðimenntaður, einkum á sviði lögfræði, viðskipta- eða tölvufræða.

Ýmsar tölulegar upplýsingar

Fjármálaeftirlitið hefur sent frá sér um 4.000 bréf á tímabilinu og fengið um 3.000 bréf. Eftirlitsskyldir aðilar hafa sent um 1.800 skýrslur vegna reglubundinnar gagna- og upplýsingaöflunar.

Sérstakar athuganir af ýmsum toga voru alls um 450 á tímabilinu. Er þá ekki taldar með ýmsar athuganir sem tengjast svonefndum 2000-vanda. Eðli þessara athugana er mjög mismunandi og misjafnt hve víðtækar þær eru.

Fjármálaeftirlitið hefur jafnframt afgreitt um 230 erindi frá eftirlitsskyldum aðilum, tæp 90 erindi frá viðskiptavinum eftirlitsskyldra aðila og um 340 erindi frá öðrum aðilum, innlendum og erlendum. Á því eina og hálfu ári, sem hér er fjallað um, hefur Fjármálaeftirlitið í 415 tilvikum talið ástæðu til að gera formlegar athugasemdir eða krefjast úrbóta af einhverjum toga hjá eftirlitsskyldum aðilum. Að síðustu skal nefnt að Fjármálaeftirlitið gaf rúmlega 100 umsagnir um starfsleyfi til eftirlitsskyldra aðila á umræddu tímabili, en þar af voru 68 umsagnir vegna starfsleyfa lífeyrissjóða.

Framangreindar tölur gefa ekki tæmandi yfirlit yfir verkefni Fjármálaeftirlitsins á tímabilinu. Til dæmis eru ekki meðtaldar ýmsar athuganir á rekstri og efnahag fjármálastofnana á grundvelli reglubundinnar skýrslusöfnunar. Þá er ekki meðtalin vinna við að semja og viðhalda ýmsum reglum, sem stofnunin setur, og aðstoð við undirbúning ýmissa lagafrumvarpa. Einnig eru undanskildir ýmsir upplýsingafundir með eftirlitsskyldum aðilum, þátttaka í erlendu samstarfi og mál tengd eigin rekstri, svo sem álagningu og innheimtu eftirlitsgjaldsins.

4000 bréf send.

3000 bréf móttækin.

450 athuganir

Athugasemdir í 415 tilvikum.

68 umsagnir um starfsleyfi og staðfestingu samþykkt.

SUÐURLANDSBRAUT 32

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Summary of operations, 1 January 1999 to 30 June 2000

Survey of internal control and risk management

The FME has made special examination of the conditions of internal control and risk management in a number of companies in all areas of the financial market, with a special emphasis on larger companies. The examinations have primarily focused on the managerial structure of the institutions, the definition of operational objectives, the existence and implementation of risk management rules, internal control and the effectiveness of internal auditing.

The FME has been particularly concerned about increased lending, unfavourable trends in capital adequacy ratios and foreign borrowing by credit institutions. The Authority has made numerous recommendations and warned against a low capital adequacy ratio. The FME also made comments and requested corrective action on account of the market risk of financial institutions. Sufficient risk management and internal control have not accompanied the increasing market risk facing the financial institutions.

Surveillance of information technology

The FME supervises the use of information technology in financial operations. The Authority was in charge of monitoring the Year-2000 compliance of parties subject to supervision and made a range of recommendations on the issue. No serious problems have arisen on account of the Year-2000 issue.

The loan market

In this area, the FME has concentrated on the capital adequacy ratio of credit institutions. The Authority has stressed that the minimum legal requirement of 8% is not always sufficient and has made known to credit institutions that it intends in the future to make a systematic assessment of acceptable levels for capital adequacy ratios for each individual institution. Credit institutions will be given a rating based on

information about capital adequacy, asset quality, management capability, earnings quantity and quality, the adequacy of liquidity, and sensitivity to market risk. On the basis of this rating, the FME will evaluate the capital adequacy of each institution.

The FME has also declared that large Icelandic credit institutions, even showing an effective risk management and internal control, should at least aim for a minimum of a 10% CAD ratio. Other credit institutions should aim for a higher CAD ratio. Special warnings have been issued regarding the increasing use of subordinated loan capital in order to fulfil the minimum capital adequacy requirement.

The operations of savings banks came under special surveillance during this period and the FME took measures on account of the low capital adequacy ratios of some savings banks, in addition to remarking upon on a range of other factors.

The securities market

The FME investigated alleged insider dealings and has referred one such case to the National Commissioner of the Icelandic Police for further investigation. The Authority has also dealt with a range of cases concerning the conduct of financial companies in the securities market. These include instances of companies trading for their own account and questions of non-compliance with internal rules on securities trading.

The FME is finalizing a framework for new rules on securities trading which companies in the securities sector will be required to implement regarding Chinese Walls, trading for own account and the securities trading of employees and executives.

The insurance market

Vast increases in the premiums for mandatory motor insurance came under the FME's review in the spring of 1999 and again in

the spring of 2000. Two factors were primarily considered, i.e. whether the premiums were compatible with the risk and whether they were fair towards the insured.

Following the examination of the increase in premiums in 1999, work on reviewing the regulation on the annual accounts and consolidated financial statements of insurance companies was begun. Emphasis is placed on making the activities of insurance companies and the conditions for their operations more transparent in order to further develop market discipline.

The FME has made several remarks and taken action on account of a few insurance brokers, following inspections of their activities. A number of smaller insurance companies have experienced difficulties. The portfolio of one company was transferred as a result of difficulties, and the company was forbidden to enter into new insurance contracts. The portfolio of another company was also transferred in connection with a merger.

Pension funds

With the entry into force on 1 July 1998 of Act 129/1997 on the Mandatory insurance of Pension Rights and the Operations of Pension Funds, operations of pension funds became subject to official supervision comparable to that of other financial institutions. The Act requires pension funds to apply for operating licenses, to be issued by the Ministry of Finance upon recommendation from the FME. A considerable amount of the supervisory work on pension funds has centred on the licensing process.

A number of supervisory projects have focused on the increased co-operation between pension funds and other financial institutions. A few pension funds have established securities firms to handle their own transactions.

The operations of the FME

A supervision fee paid by the parties subject to supervision covers the operational expenses of the FME. The FME's income for 1999 was ISK 210.0 million. The income from supervision fees for the year 2000 is ISK 192.3 million, in addition to a surplus of ISK 35.6 million carried over from the last year.

Personnel

At year-end 1999, a total of 28 employees were working for the Authority in equivalent to 24 full-time positions.

Statistical information

A total of 450 specific on-site inspections instigated by the FME were conducted during this period. In addition there were inspections on account of the Year-2000 issue and supervision based on submission of regular reports from the 175 parties subject to supervision.

3.1 Lána- og verðbréfamarkaður

The Credit- and Securities Markets

- Samþjöppun á markaði, en fjölbreyttari og um leið áhættusamari starfsemi.
- Versnandi afkoma fjármálafyrirtækja og há kostnaðarhlutföll.
- Lækkandi eiginfjárlutaföll vegna verulegrar útlánaaukningar og vaxandi markaðsverðbréfaeignar.
- Vaxandi vægi erlendrar fjármögnunar og gengisbundinna liða.
- Sveiflur á verðbréfamarkaði.

Breytingar á lána- og verðbréfamarkaði

Á undanförunum árum hafa orðið miklar breytingar á lána- og verðbréfamarkaði. Fyrirtæki hafa sameinast, ný bæst við og starfsemi orðið fjölbreyttari og um leið áhættusamari. Vægi verðbréfavíðskipta, nýrra fjármálavara, nýrrar fjármálaþjónustu og tekna af starfsemi erlendis hefur vaxið, en vægi innlána og annarrar hefðbundinnar fjármálaþjónustu minnkað.

Með þessum breytingum hefur orðið meiri samþjöppun á markaðinum en áður var. Þannig er stærsta fjármálafyrirtækið nú með rúmlega 30% markaðshlutdeild miðað við hreinar rekstrartekjur banka, sparisjóða og verðbréfafyrirtækja samanborið við tæplega 25% árið 1996 og 3 stærstu fjármálafyrirtækin eru nú með samtals 68% markaðshlutdeild samanborið við 58% áður. Verði af fyrrihuguðum samruna Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. yrði stærsta fjármálafyrirtækið með rúmlega 37% markaðshlutdeild miðað við fyrrgreindan mælikvarða og 3 stærstu fjármálafyrirtækin með 78% markaðshlutdeild.


Afkoma helstu fjármálafyrirtækja¹

Margt bendir til þess að afkoma lánastofnana fari versnandi. Afkoman fyrri hluta ársins 2000 samsvarar einungis 9% arðsemi eigin fjár miðað við heilt ár, sem er svipuð arðsemi og var árið 1996, sbr. ennfremur mynd 1. Á árunum 1995–1999 batnaði heildar-afkoma helstu fjármálafyrirtækja hins vegar stöðugt. Þannig var arðsemi eigin fjár banka og stærstu sparisjóða 7% árið 1995 og 18% árið 1999.

¹ Í þessari umfjöllun um afkomu helstu fjármálafyrirtækja hefur talnaefni vegna FBA og tveggja forvera, þ.e. Fiskveiðisjóðs og lánlána-sjóðs verið bætt inn í talnaefni fyrir árin 1995–1999. Þá er eingöngu tekið mið af afkomu 6 stærstu sparisjóðanna til að fá samfelldar talnaraðir til miðs árs 2000. Afkoma Kaupþings hf. og Sparisjóða-banka Íslands hf. endurspeglast að verulegu leyti í afkomu 6 stærstu sparisjóðanna.

Versnandi afkoma á fyrri hluta ársins í ár skýrist að hluta til af matsverðsbreytingu fjárfestingarskulda-bréfa í tengslum við óhagstæða þróun markaðs-vaxta á langtímamarkaði. Án gjaldfærslu vegna matsverðsbreytinga hefði arðsemi eigin fjár orðið u.þ.b. 13% í stað 9%. Önnur meginskýring á verri afkomu á fyrri hluta ársins 2000, samanborið við árið 1999, er samdráttur í öðrum rekstrartekjum en vöxtum, einkum gengishagnaði af skuldabréfa-víðskiptum. Á árinu 1999 voru aðrar rekstrartekjur óvenju háar. Ennfremur má nefna að kostnaðar- hlutfall, þ.e. rekstrargjöld í hlutfalli af hreinum rekstrartekjum, hefur hækkað á fyrri hluta ársins 2000 í 67% úr rúmlega 62% árið 1999, en árin 1995–1998 var hlutfallið 66–68% eða svipað og á fyrri hluta ársins 2000, sbr. ennfremur mynd 1.

Helstu rekstrarliðir reiknaðir sem hlutfall af meðal-stöðu efnahagsreiknings hafa yfirleitt farið stöðugt lækkandi allt tímabilið frá 1995, sbr. mynd 2. Hreinar vaxtatekjur hafa þannig lækkað úr 4,1% í 3,0%, rekstrargjöld úr 4,3% í 3,3% og framlög í afskriftareikning úr rúmlega 1% í 0,5%. Hins vegar hækkuðu aðrar rekstrartekjur á tímabilinu 1995–1999 úr 2,1% í 2,4%, en lækkuðu síðan í 1,8% á fyrri hluta ársins 2000. Framangreind hlutföll eru því að færast nær því sem sést í ársreikningum erlendra fjármálafyrirtækja.



Breytingar á lána- og verðbréfamarkaði

- Breyting á ríkisviðskiptabönkum í hlutafélag í ársbyrjun 1998.
- Sala á nýju hlutafé og sala á hlutafé ríkissjóðs í Landsbanka og Búnaðarbanka að u.þ.b. þriðjungs-hluta og skráning á Verðbréfafingji.
- Breyting á lánasjóðum í eigu ríkisins yfir í fjárfestingarbanka í hlutafélags-formi (FBA hf.) í ársbyrjun 1998, sala á öllum eignarhlut ríkissjóðs og skráning á Verðbréfafingji.
- Breyting á Kaupþingi hf. úr verðbréfafyrirtæki í fjárfestingarbanka árið 1997 og skráning á Verðbréfafingji haustið 2000.
- Sameining Samvinnusjóðs Íslands hf. og Fjárvangs hf. í Frjálsa fjárfestingarbankann hf. á fyrri hluta árs 2000.
- Sameining Íslandsbanka hf. og FBA hf. í Íslandsbanka-FBA hf. á fyrri hluta árs 2000.
- Starfsleyfi greiðslukortafyrirækjanna, Kreditkorta hf. og Greiðslumiðlunar hf. sem lánastofnanir 1999 og 2000.
- Fækkun sparisjóða úr 29 í árslok 1996 í 25 árið 2000 og fyrirsjáanleg fækkun í 22 í ársbyrjun 2001.
- Aukin starfsemi lánastofnana á verðbréfamarkaði.
- Aukin fjárfesting í markaðsverðbréfum (stöðutaka).
- Breytingar á dreifileiðum og þjónustuframboði fjármálafyrirtækja í tengslum við tækninýjungar.
- Aukin starfsemi íslenskra fjármálafyrirtækja erlendis, sérstaklega á árinu 2000.
- Útlánaaukning.
- Lækkandi eiginfjárlutaföll.

Mynd 1

Arðsemi eigin fjár og kostnaðarhlutfall af rekstrartekjum hjá bönkum og sparisjóðum


Return and equity cost/income ratio for banks

- Arðsemi eigin fjár (v. ás) / Return on equity (left axis)
- Rekstrargjöld sem % af hreinum rekstrartekjum (hægri ás) / Cost/income ratio (right axis)

Mynd 2.
Rekstrarliðir í hlutfalli af meðalstöðu efnahagsreiknings hjá bönkum og sparisjóðum

Profit and loss account's items as per cent of banks' total assets


- ◆ Hreinar vaxtatekjur
Net interest income
- Aðrar rekstrartekjur
Other operating income
- ▲ Rekstrargjöld
Operating expenses
- ★ Afskriftaframlög
Provisions for bad loans



Mynd 3
Framlög í afskriftareikning í % af útlánunum og raunaukning meðalútlána milli ára hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum 1987-2000

Provisions for bad loans as percentage percent of loans and yearly real increase in loans and advances


- Framlög í afskriftareikning (vinstri ás)
Provisions for bad loans (left axis)
- ◆ Raunaukning útlána (hægri ás)
Real increase in loans and advances (right axis)



Mynd 4.
Eiginfjárlutfall með og án víkjandi lána hjá bönkum og stærstu sparisjóðum

Capital adequacy ratio, with and without subordinated loans, for banks

- Viðskiptabankar, CAD-hlutfall, Commercial banks, CAD-ratio.
- Sparisjóðir, CAD-hlutfall, Savings banks, Cad-ratio.
- Viðskiptabankar, CAD-hlutfall án víkjandi lána, Commercial banks without subordinated loans
- Sparisjóðir, CAD-hlutfall án víkjandi lána, Savings banks without subordinated loans



Lækkun hlutfallanna skýrist fyrst og fremst af mikilli aukningu efnahagsliða án samsvarandi aukningar einstakra rekstrarliða. Niðurstaða efnahagsreiknings framangreindra fjármálafyrirtækja nam tæplega 300 ma.kr. í árslok 1995, en 710 ma.kr. í lok júní 2000 og er aukningin 410 ma.kr. eða 140%. Aukningin felst fyrst og fremst í útlánaaukningu og vaxandi markaðsverðbréfaeign.

Árleg útlánaaukning frá árinu 1998 hefur að jafnaði verið 25-30%. Sambærileg aukning útlána á árunum 1996 og 1997 var u.þ.b. 12%. Ljóst er að svo mikil útlánaaukning langt umfram aukningu þjóðarframleiðslu stenst ekki til lengdar. Reynslan sýnir að í kjölfar mikillar og hraðrar aukningar útlána eykst afskriftaþörfin vegna þeirra, sbr. mynd 3. Með hliðsjón af fyrirbyggjandi spám um minnkandi hagvöxt má ætla að afskriftaframlög séu nú í lágmarki. Ef arðsemi eigin fjár breytist ekki verður hins vegar ekki svigrúm til að auka afskriftaframlögin nema með því að auka tekjur eða draga úr kostnaði.

Ein afleiðing aukinna umsvifa er lækkun eiginfjárlutfalla. Lögboðið eiginfjárlutfall viðskiptabanka og stærstu sparisjóða hefur í heild lækkað úr 12,7% í 9,4% frá árslokum 1995 til miðs árs 2000. Víkjandi lán, sem talin eru með í útreikningi á eiginfjárlutfalli, hafa aukist verulega á þessu tímabili eða úr 2,2 ma. kr. í 15,3 ma. kr. Eiginfjárlutfall án víkjandi lána hefur því lækkað enn meira en hið lögboðna eiginfjárlutfall eða úr 11,7% í 6,6% á tímabilinu. Mynd 4 sýnir þróun eiginfjárlutfalla, annars vegar hjá 3 stærstu viðskiptabönkunum og hins vegar 6 stærstu sparisjóðunum.

Þessi þróun eiginfjárlutfalla er óviðunandi. Vegna hraðvaxandi umsvifa er viðbúið að ekki hafi verið nægilega vandað til útlánaákvæðana og áhættugreiningar og því sé nauðsynlegt að sýna sterka eiginfjárstöðu.

Hin mikla aukning efnahagsliða hefur að miklu leyti verið fjármögnuð með erlendum lántökum. Á mynd 5 er sýnd þróun nettóskulda helstu lánastofnana við erlenda aðila á síðustu misserum. Mótvægi við þessi erlendu lán eru í meginatriðum gengisbundin lán til innlendra lánþega fjármálafyrirtækjanna sem að hluta til hafa ekki tekjur í samsvarandi gjaldmiðlum.

Vaxandi hluti eigna fjármálafyrirtækja er bundinn í markaðsverðbréfum, sem eru háð gengissveiflum á

markaði. Markaðsverðbréfaeign stærstu fjármála-fyrirtækjanna jókst úr rúmlega 20 ma.kr. (skuldabréf 17,5 ma.kr. og hlutabréf 2,7 ma.kr.) í 96 ma.kr. (skuldabréf 70 ma.kr. og hlutabréf 26 ma.kr.) frá árslokum 1995 til ársloka 1999, sem er nær fimmföld aukning.


Framangreind þróun gerir fjármálafyrirtækin enn viðkvæmari en áður fyrir ytri áhrifum á efnahag og rekstur og er því mikilvægt að eiginfjárstaða þeirra sé nægilega sterk til að mæta óvæntum áföllum og taki á hverjum tíma mið af áhættustigi viðkomandi fjármálafyrirtækis. Áhættustig fjármálafyrirtækja er mismunandi eftir einstökum fyrirtækjum og er því eðlilegt að gera mismunandi kröfur um lágmarkseiginfjárlutfall. Nýjar alþjóðlegar tillögur um breytingar á eiginfjárreglum fjármálafyrirtækja miða m.a. að því að eiginfjárfra hvers fjármálafyrirtækis taki mið af áhættustigi og hugsanlegum framtíðaráföllum. Fjármálaeftirlitið hefur kynnt hugmyndir um að meta á kerfisbundinn hátt hvort eiginfjármarkmið þeirra séu í samræmi við stöðu og áhættu í hverju tilviki.

Velta á verðbréfamarkaði

Á undanföllum árum og fram til fyrsta ársfjórðungs ársins 1999


var nokkuð stöðugur vöxtur í viðskiptum, bæði þingviðskiptum og utanþingsviðskiptum, með skuldabréf skráð á Verðbréfaþingi Íslands. Frá þeim tíma hefur dregið úr veltunni, m.a. vegna aukins áhuga innlendra fagfjárfesta, sérstaklega lífeyrisjóða, á erlendum verðbréfum. Ein afleiðing þess er hækkandi ávöxtunarkrafa og lækkandi gengi á markaðsskuldabréfum undanfarin misseri. Á undanföllum árum hafa viðskipti á hlutabréfamarkaði einnig farið mjög vaxandi og náði sá vöxtur hámarki á fyrsta ársfjórðungi ársins 2000, en viðskiptin hafa dregist nokkuð saman á 2. og 3. ársfjórðungi. Þróun hlutabréfavísitölu hefur verið í svipuðum dúr og viðskipti með hlutabréf, þ.e. veruleg hækkun fram til fyrsta ársfjórðungs ársins 2000, en nokkur lækkun á 2. og 3. ársfjórðungi. Hlutabréfavísitalan er þó hærri í lok 3ja ársfjórðungs 2000 en hún var í árslok 1999.

Myndir 6 og 7 sýna glögg auknið vægi markaðsverðbréfa í efnahagsreikningi fjármálafyrirtækjanna og hvernig sveiflur í viðskiptum og gengi á verðbréfamarkaði hafa vaxandi þýðingu fyrir afkomu þessara fyrirtækja.



Mynd 5. Nettó skuldir banka við erlenda aðila í milljóðum króna.


Net foreign position of banks to non-residents, billion kr.



Mynd 6. Markaðsverðbréf í eigu banka og sparisjóða í milljóðum króna.

Market securities owned by banks, ISK billions

■ Skuldabréf Bonds
■ Hlutabréf Shares



Mynd 7. Velta skuldabréfa og hlutabréfa sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands í m.kr. og þróun hlutabréfavísitölu

Trading of bonds and shares quoted on the Iceland Stock Exchange, ISK millions, and the share index, ICEX15

■ Hlutabréfaviðskipti Trading in shares
■ Skuldabréfaviðskipti Trading in bonds
— Hlutabréfavísitala Share index ICEX15 (right axis)

The credit- and securities markets - trends and outlook

Recent years have seen extensive changes in the areas of lending and securities trading. Companies have merged, new ones have been established and the range of activities has increased, but so has also the risk. The weight of securities trading, new financial instruments, new financial services and revenue from overseas operations has grown, whereas the weight of deposits and other more traditional services is dwindling. The largest financial institution has a market share of over 30% based on net operating income, compared with 25% in 1996, and the three largest institutions have an overall market share of 68%, compared with an earlier figure of 58%. If the proposed merger of Landsbanki Ltd and Bunadarbanki Ltd becomes a reality, the largest financial institution in Iceland will have a market share of 37% and the market share of the three largest will be 78%.

The return on equity of the most significant financial institutions calculated on an annual basis for the first half of 2000 was 9%, which is comparable with the results for 1996. Between 1995 and 1999 the return on equity grew steadily and reached 18% in 1999. This change in performance is largely due to unfavourable value adjustments on trading and investment bonds. There was also a rise in the cost/income ratio during the first half of 2000, from 62% in 1999 to 67%. Between 1995 and 1998 this ratio was 66-68%.

The average annual increase in lending for the period 1998-2000 has been 25-30%. The corresponding increase for the years 1996 and 1997 was 12%. The current increase which is far in excess of the growth in GDP is not acceptable. Experience shows that vast and rapid increases in lending are generally followed by increased provisions for losses on loans. With regard to current economic forecasts of a slowdown in economic growth, it is safe to assume that provisions for losses on loans are now at a low and that the need for such provisions will become more apparent in the years to come.

The capital adequacy ratio of major financial institutions has dropped from 12.7% at year-end 1995 to 9.4% at the end of June 2000. Capital ratio without subordinated loans has decreased even more, or from 11.7% at year-end 1995 to 6.6% at the end of June 2000. The vast increase in balance sheet items has largely been financed through foreign borrowing and only to a less extent through deposits and domestic securities issues. Foreign borrowing is primarily balanced out by foreign currency linked loans to domestic customers, some of whom don't have their income in the corresponding currency. Furthermore, the assets of financial institutions are increasingly tied up in marketable securities, which are susceptible to market rate fluctuations. This trend makes financial institutions even more sensitive than before to external influences on their financial position and operations. It is, therefore, of primary importance that financial institutions maintain sufficient capital ratios in order to be prepared to face unexpected setbacks and that these ratios take into account the relevant risk level.

See graphs on pages 17-19

3.2 Lífeyrissjóðir *Pension Funds*

- Verulegar breytingar á starfsumhverfi lífeyrissjóða vegna nýrrar löggjafar.
- Aukin tengsl lífeyrissjóða við aðra þætti fjármálamarkaðarins.
- Margs konar réttindakerfi.
- Breytt eignasamsetning.
- Viðkvæm fjárhagsstaða lífeyrissjóða með ábyrgð sveitarfélaga.

Breytingar á starfsumhverfi

Með lögum nr. 129/1997, um skyldu-tryggingu lífeyrissjóðna og starfsemi lífeyrissjóða, sem tóku gildi 1. júlí 1998, voru ýmsar skyldur lagðar á lífeyrissjóðina, sem krefjast öflugs innra eftirlits og áhættustýringar, og einnig betur tryggt en áður að sjóðfélagar fái nægar upplýsingar. Kveðið var á um séreignarsparnað og skilyrði sett um jöfnuð eigna og skuldbindinga hjá samtryggingarsjóðum. Auk ákvæða um innra eftirlit og eftirlitshlutverk stjórnar var Fjármálaeftirlitinu falið eftirlit með lífeyrissjóðum, en einnig eru ýmis lagaákvæði sem eiga að stuðla að því að sjóðfélagar fái meiri upplýsingar en áður og þar með að auknu aðhaldi af þeirra hálfu. Þó eru þeir lífeyrissjóðir færri en hinir þar sem sjóðfélagar taka beinan þátt í stjórnarkjöri og breytingum á samþykktum.

Nokkrar breytingar hafa þegar verið gerðar á lögumunum, nú síðast í vor, en þær tengdust fjárfestingarstefnu lífeyrissjóðanna og hertum kröfum um hæfi starfsmanna þeirra. Eftir því sem fleiri kostir bjóðast í sambandi við ávöxtun iðgjalda eða ávinnslu réttinda aukast kröfurnar um faglega ráðgjöf og hafa ýmsir lífeyrissjóðir falið fyrirtækjum í verðbréfabjónustu að taka við iðgjöldum og ávaxta þau að hluta til eða öllu leyti. Einnig hafa einstaka lífeyrissjóðir eða nokkrir saman stofnað bjónustufyrirtæki sem sinna t.d. tölvubjónustu, endurhæfingu fyrir öryrkja, verðbréfamiðlun o.fl.

Af þessu má sjá að lífeyrissjóðirnir eru að tengjast öðrum þáttum fjármálamarkaðarins sterkari böndum en áður. Sjóðirnir verða sífellt meira áberandi í viðskiptum á verðbréfamarkaði og samstarf þeirra við verðbréfafyrirtæki og lánastofnanir er mjög að aukast.

Fjöldi lífeyrissjóða og uppbygging

Í árslok 1999 voru lífeyrissjóðirnir alls 60, sem er nokkur fækkun frá árslokum 1998 þegar lífeyrissjóðir voru 66. Fyrir liggur frekari fækkun lífeyrissjóða þar sem fimm þeirra höfðu í október á þessu ári tilkynnt um samruna við aðra lífeyrissjóði. Af framangreindum 60 lífeyrissjóðum taka 13 þeirra ekki lengur við iðgjöldum, og fullstarfandi sjóðir voru

því 47. Af 60 (47) lífeyrissjóðum teljast 46 (34) vera lífeyrissjóðir án ábyrgðar annarra, en 14 (13) lífeyrissjóðir með ábyrgð annarra. Annar þeirra tveggja sjóða sem eingöngu eru séreignasjóðir tekur ekki lengur við iðgjöldum.

Eitt af skilyrðunum fyrir veitingu starfsleyfis er að lágmarksfjöldi sjóðfélaga í lífeyrissjóði sé 800, nema sjóðurinn tryggi áhættudreifingu vegna skuldbindinga sinna með öðrum hætti. Alls hafa sjö lífeyrissjóðir, sem ekki ná þessu skilyrði, keypt sér tryggingu eða tekið upp samstarf við aðra lífeyrissjóði til að tryggja á áhættudreifingu vegna skuldbindinga. Auk þeirra eru átta lífeyrissjóðir með ábyrgð sveitarfélags með færri en 800 sjóðfélaga, sem vegna ábyrgðarinnar voru undanþegnir þessu skilyrði laganna. Þrátt fyrir að sameiningar lífeyrissjóða á árinu 1999 og 2000 hafi helst orðið hjá litlum lífeyrissjóðum er enn fullstarfandi á annan tug lífeyrissjóða með færri sjóðfélaga en 800.

Lífeyriskerfið í heild er nokkuð flókið og nokkur mismunandi réttindakerfi við lýði hjá lífeyrissjóðunum. Með nýrri löggjöf varð sú breyting að lífeyrissjóðir sem áður störfuðu sem séreignasjóðir breyttu réttindauppbyggingu sinni og samþætta nú séreign og sameign til að fullnægja lagaákvæðum um lágmarkstryggingarvernd. Var þessari breytingu á séreignasjóðunum ekki lokið fyrr en í upphafi árs 2000. Fullstarfandi lífeyrissjóðir taka við iðgjaldi til lágmarkstryggingarverndar, sem er skyldubundinn sparnaður samkvæmt lögum og er að lágmarki 10% af heildarlaunum. Með greiðslu iðgjalds til lágmarkstryggingarverndar er sjóðfélaga tryggður réttur til elli-, örorku-, maka- og barnalífeyris. Skyldubundinn sparnaður er að hluta til eða öllu leyti varðveittur í sameignardeildum sem sameign sjóðfélaga. Nokkrir lífeyrissjóðir bjóða upp á samþættingu sameignar og séreignar og er þá ákveðinn hluti iðgjalds til lágmarkstryggingarverndar varðveittur í séreignardeildum þar sem iðgjöld eru séreign hvers sjóðfélaga. Töluvert margir lífeyrissjóðir starfa í fleiri en einni sameignardeild vegna mismunandi réttindakerfa og alls eru 27 lífeyrissjóðir með séreignardeild auk sameignardeildar og veita viðtöku iðgjaldi til viðbótartryggingarverndar, sem er frjálss sparnaður.

Skipting heildareigna lífeyrissjóða í lok árs 1999

eftir lífeyriskerfum er þannig að stigakerfi eru með 74% eignanna, hlutfallskerfi 18%, aldurstengt kerfi 2% og séreignarsparnaður 6%, sbr. mynd 8. Stigakerfi felur í sér að iðgjöld eru umreiknuð í stig og er lífeyrisréttur tengdur þeim. Aldurstengt kerfi er einnig stigakerfi, en þar skiptir máli hvenær ævinnar iðgjöldin eru greidd til lífeyrisjóðsins og fá iðgjöld meira vægi eftir því sem sjóðfélaginn er yngri. Í hlutfallskerfi ávinnur sjóðfélaginn sér með greiðslu iðgjalds ákveðið hlutfall af launum eftirmanns eða af annarri launaviðmiðun á hverju ári.

Eignir og ávöxtun

Lífeyrissjóðir hafa ekki aðeins mikilvægu

hlutverki að gegna sem þáttur í sparnaði fólks, heldur hafa þeir einnig mikil áhrif á þróun fjármálamarkaðar á Íslandi. Lífeyrissjóðir eru í eðli sínu langtímafjárfestar og þola sveiflur betur en margir aðrir fjárfestar. Hlutabréf hafa þess vegna verið álitin góður fjárfestingarkostur fyrir lífeyrissjóði þar sem þau hafa til langs tíma að meðaltali gefið betri ávöxtun en skuldabréf. Gengi hluta-

bréfa sveiflast almennt meira en gengi skuldabréfa og er því nauðsynlegt að gera miklar kröfur til áhættumats og áhættustýringar í tengslum við fjárfestingar í hlutabréfum.

Eignir lífeyrissjóða og ávöxtun þeirra ráða miklu um það hvernig lífeyrissjóðir geta staðið við framtíðarskuldbindingar vegna lífeyrisréttinda að óbreyttum iðgjöldum. Í lífeyrissjóðalögunum eru ákvæði um fjárfestingu lífeyrissjóða, sem miða að dreifingu eigna á ýmsa flokka verðbréfa auk þess sem kveðið er á um að tillit skuli tekið til áhættu jafnt og ávöxtunar í fjárfestingarákvörðunum. Íslenskir lífeyrissjóðir eru afar mislangt komnir á þessu sviði. Sem stofnanafjárfestar geta lífeyrissjóðir haft áhrif á góða starfshætti á íslenska verðbréfa-markaðnum og gegna þeir afar mikilvægu hlutverki sem slíkir. Þess vegna fylgir því mikil ábyrgð að stjórna lífeyrissjóðum og verður þá að hafa langtímahagsmuni í huga.


Hrein eign lífeyrissjóða til greiðslu lífeyris í lok árs 1999 var 517,6 ma.kr. Raunaukning hreinnar eignar á árinu 1999 var um 20%, en miklar sveiflur hafa verið í raunaukningu eigna lífeyrissjóða síðastliðin 5 ár. Að hluta til má rekja sveiflurnar til aukinnar hlutdeildar hlutabréfa og annarra verðbréfa með breytilegum tekjum í eignasafni lífeyrissjóðanna. Hlutabréfaeign lífeyrissjóða ásamt eignum í hlutabréfasjóðum í árslok 1999 nam samtals 103 ma.kr. eða 20% af eignum í árslok. Erlend hlutabréfaeign var samtals 51 ma.kr. eða 10%. Eignir lífeyrissjóða í gengisbundnum verðbréfum voru í árslok 1999 um 15%, en gjaldmiðlaáhætta mátti hæst vera 40% af hreinni eign hvers lífeyrissjóðs á árinu 1999. Með breytingu á lögum fyrir á þessu ári hefur því hámarki verið lyft í 50%.

Hlutfall hlutabréfa og gengisbundinna verðbréfa er afar misjafnt eftir lífeyrissjóðum og hafa þeir farið mishratt í að breyta eignasamsetningu sinni. Í lok júní á þessu ári var meðaltal hlutabréfa af eignum tíu stærstu lífeyrissjóðanna 31%, lægst 11% og hæst 50%. Gengisbundin eign sömu lífeyrissjóða í hlutfalli af eignum var í lok júní 21%, lægst 12% og hæst 46%.

Eins og sést á mynd 9 um eignasamsetningu lífeyrissjóða í lok árs 1990 annars vegar og í lok árs 1999 hins vegar hafa lífeyrissjóðirnir verið að gjörbreyta samsetningu eigna sinna. Markaðsskuldabréf og hlutabréf eru nú um 73% af eignasafninu, en voru aðeins 23%. Hlutabréfa-

Mynd 8:
Hlutfallsleg skipting heildareigna eftir lífeyriskerfum.


Net assets broken down by pension schemes:
Pension units schemes, (74%) Final salary schemes, (18) Age-based units schemes, (2%) Personal pension schemes. (6%)



Mynd 9:
Hlutfallsleg eignasamsetning í lok árs 1990 og 1999.

The asset allocation at year-end 1990 and 1999

■ Annað
■ Hlutabréf og hlutabréfasjóðir
■ Önnur skuldabréf
■ Markaðsskuldabréf



eignin hefur farið ört vaxandi á þessu tímabili, en þó mest síðustu þrjú árin, sem sést á því að í lok árs 1996 voru hlutabréf einungis 5% af heildar-eignum. Vægi annarra skuldabréfa en markaðsskuldabréfa hefur minnkað, en skuldabréf Húsnaðisstofnunar eru þar stærsti einstaki liðurinn. Húsbréf og húsnaðisbréf eru hins vegar markaðsskuldabréf og flokkast sem slík.

Hrein raunávöxtun lífeyrissjóðs er ávöxtun eigna hans miðað við vísitölu neysluverðs þegar kostnaður hefur verið dreginn frá fjárfestingartekjum. Fimm ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar áruna 1993–1998 var á bilinu 6,6%–7,9%. Hrein raunávöxtun lífeyrissjóða árið 1999 var mun hærri eða 12%, sbr. mynd 10.

Í samanburði við aðrar hagstærðir voru eignir lífeyrissjóðanna rúmlega 78% af vergri landsframleiðslu í lok árs 1999 og höfðu vaxið úr 34% árið 1990. Eignir lífeyrissjóða sem hlutfall af skuldum lánakerfisins jukust úr 26% á árinu 1991 í 38% á árinu 1999, sbr. mynd 11. Til samanburðar má enn fremur geta þess að útlán og markaðsverðbréf bankakerfisins voru 482,4 ma. kr. í lok árs 1999 samanborið við 517,6 ma.kr. eignir lífeyrissjóðanna.

Fjárhagsstaða lífeyrissjóða


Eitt mikilvægasta atriði laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu

lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, er að eignir lífeyrissjóðs ásamt núvirði framtíðariðgjalda skuli vera jafnháar núvirði væntanlegs lífeyris. Einn undantekningarnar eru lífeyrissjóðir sem njóta bakábyrgðar ríkis, sveitarfélags eða banka, en hjá þeim brúa ábyrgðir þeirra bilið. Allir lífeyrissjóðir án ábyrgðar annarra eru innan þeirra marka sem löggin gera ráð fyrir, en verulegur halli er á flestum þeirra lífeyrissjóða sem eru með ábyrgð ríkis og sveitarfélaga.

Allir lífeyrissjóðir með ábyrgð sveitarfélags hafa lokað sjóðunum fyrir nýjum sjóðfélögum og greiða þeir sjóðfélagar þess í stað t.d. til Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga. Engin nýliðun er því í sjóðunum, sem þýðir að þau iðgjöld sem eru greidd inn fela í sér meiri skuldbindingu vegna réttinda en annars væri. Þetta er hægt að skýra með lífeyrisbyrði lífeyrissjóða, þ.e. lífeyrisgreiðslum í hlutfalli við iðgjöld. Þegar sjóðirnir eldast hækkar lífeyrisbyrðin. Lífeyrisbyrði lífeyrissjóða með ábyrgð sveitarfélaga er frá 55% og allt upp í 154%, en lífeyrisbyrði lífeyrissjóða í heild var 33% í


árslok 1999. Lokun sjóðanna felur í sér að hraðar gengur á eignir þeirra, þó dregið sé úr aukningu skuldbindinga til lengri tíma liðið.

Nauðsynlegt er að huga að stöðu þeirra lífeyrissjóða sem starfræktir eru með ábyrgð sveitarfélaga. Um er að ræða níu lífeyrissjóði í jafnmörgum sveitarfélögum sem standa misjafnlega vel fjárhagslega og kunna að lenda í erfiðleikum í framtíðinni þegar fer að reyna meira á umrædda ábyrgð. Halli þessara lífeyrissjóða í hlutfalli af skuldbindingum er á bilinu 50–87%. Mikilvægt er því að koma reglu á árlegar greiðslur sveitarfélagna til lífeyrissjóðanna sem háðar væru tryggingafræðilegu mati hverju sinni.



Mynd 10: Hrein raunávöxtun 1991–1999

Net real rate of return 1991–1999



Mynd 11: Eignir lífeyrissjóða 1980–1999.

Assets as a percentage of the credit system's liabilities and as a percentage of GDP.

— Bláa lína: Hlutfall af skuldum lánakerfisins
— Róða lína: Hlutfall af VLF

Pension funds – trends and outlook

The entry into force on 1 July 1998 of Act 129/1997 on the Mandatory Insurance of Pension Rights and the Operations of Pension Funds placed an obligation on pension funds regarding effective internal control and risk management and secured improvements in the dissemination of information to fund members. In addition to provisions on internal control and the supervisory function of the boards of directors, the FME was entrusted with the official supervision of pension funds. Various provisions are intended to improve information to, and the controlling influence of, fund members. Amendments to the Act that were passed last spring concern the investment policy of pension funds and the competence of employees. A wider range of available options for investment and the earning of rights call for improved professional advice. Consequently, a number of pension funds have engaged the services of securities companies for the receipt and investment of premiums, either partly or wholly.

In all, 60 pension funds were operating at year-end 1999, compared with 66 at the same time the previous year. So far this year, five pension funds have ceased operating. Of the 60 pension funds, 13 no longer receive premiums, leaving a total of 47 fully active funds. 34 of these funds are without guarantee but 13 are guaranteed by other parties.

The pension system as a whole is relatively complex and different funds have various pension schemes. In a pension units system, premiums are converted into pension units. All premiums are equally weighted counter to the age-based units scheme, where the premiums are converted into pension units according to the member's age. A young member's premium accumulates interest for a longer period until the pension is paid and is therefore more valuable. In a final salary system, the pension rights are based on final salary or similar benchmarks. There are also personal pensions, which are individual savings accounts.

Net assets for pension payments amounted to ISK 517.6 billion at year-end 1999. The asset portfolios of pension funds have undergone a revolutionary change since 1990. Marketable bonds and shares now constitute 73% of the portfolio, compared with 23% 10 years ago. Share ownership has gone up steeply, especially over the last three years. At year-end 1996 shares were only 5% of total assets. The five-year average in the increase of real rates of return for the period 1993-1998 ranged from 6.6%-7.9%.

A principal feature of Act 129/1997 on the Mandatory insurance of Pension Rights and the Operations of Pension Funds is that the assets of a pension fund and the present value of future premiums shall equal the present value of estimated pension payments. The only exemption from this provision is in the case of funds that are guaranteed by the Treasury, municipal authorities or a bank, but there the guarantee covers the difference. All non-guaranteed pension funds are within the stipulated legal limit, whereas most of the funds that are guaranteed by the Treasury or municipal authorities show a considerable deficit.

See graphs on pages 22-23

3.3 Vátryggingamarkaður *Insurance Market*

- Frumtryggingaiðgjöld ársins í skaðatryggingum voru 14 milljarðar króna. Tjón ársins námu sömu fjárhæð.
- Tjón stórhækkuðu og eigin tjón voru hærri en eigin iðgjöld.
- Iðgjaldatekjur drógust saman í sjótryggingum og í innlendum endurtryggingum, en hækkuðu í öðrum greinaflokkum.
- Efnahagur vátryggingafélaga í heild hélt áfram að styrkjast.

Nú eru 14 íslensk vátryggingafélög með starfsleyfi. Þau eru öll í eigu íslenskra aðila, nema e.t.v. óverulegir eignarhlutir, og bera þau nær eingöngu vátryggingaráhættu á Íslandi.

Þrjú hlutafélög bera höfuð og herðar yfir önnur íslensk vátryggingafélög og annast allar greinar skaðatrygginga. Tvö þeirra eru skráð á hlutabréfamarkaði. Þrjú líftryggingafélög eru öll í meirihlutaeigu annarra fjármálafyrirtækja. Tvö vátryggingafélög sem eru í eigu annarra vátryggingafélaga munu á næstunni hætta virkri vátryggingastarfsemi og vinna eingöngu að því að ljúka eldri samningum.

Bátaábyrgðarfélögum hefur farið hægt fækkandi og eru þau nú fjögur. Eitt þeirra hefur aukið við starfsemi sína og fengið starfsleyfi í öllum greinum skaðatrygginga. Stofn annars var fluttur frá félaginu í haust og verður ákvörðun um framtíð þess félags tekin á fyrri hluta árs 2001. Lög um bátaábyrgðarfélög voru felld úr gildi samhliða því að stofnað var hlutafélag um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum. Nauðsynlegt er að gera breytingar á samþykktum bátaábyrgðarfélaga vegna þessa.

Viðlagatrygging Íslands er eina vátryggingafélagið sem enn starfar samkvæmt sérlögum og hefur mjög afmarkað hlutverk. Vegna sérstöðu sinnar er Viðlagatryggingu sleppt í þessari umfjöllun, en iðgjöld hennar voru um 700 m.kr. á árinu 1999.

Allmörg evrópsk vátryggingafélög vátryggja áhættur á Íslandi í krafti EES-samningsins. Þau bjóða þjónustu sína beint eða með milligöngu vátryggingamiðlara. Vátryggingamiðlarar hafa nær eingöngu miðlað vátryggingasamningum til erlendra vátryggingafélaga, enda hafa þeir ekki náð samningum um miðlun fyrir innlend vátryggingafélög nema í undantekningartilvikum. Iðgjöld fyrir vátryggingasamninga sem gerðir hafa verið fyrir milligöngu vátryggingamiðlara voru á árinu 1999 samtals 915 m.kr.


Skaðatryggingar

Árið 1999 einkenndist af hærri tjónum en undanfarin ár. Heildartjón ársins voru 14,9 ma.kr., sem er 3,4 ma.kr. meira en árið áður. Af þeirri hækkun voru 2,4 ma. kr. vegna lögboðnu

ökutækjatrygginganna einna. Greidd tjón voru 12,9 ma.kr., en tjónaskuld hækkaði um tæpa 2 ma.kr. Greidd tjón voru 1-1,5 ma.kr. hærri en á árunum 1996-1998. Bæði voru ný tjón hærri en áður og hraðar var greitt vegna tjóna fyrri ára en undanfarin ár.

Frumtryggingaiðgjöld ársins 1999 voru 14 ma.kr. og samsvarandi tjón nánast sama fjárhæð. Heildariðgjöld ársins 1999 námu 15,1 ma.kr., en heildartjón 14,9 ma.kr. eins og áður segir. Þegar hlutur endurtryggjenda í iðgjöldum og tjónum hefur verið dreginn frá standa eftir eigin iðgjöld ársins að fjárhæð 11,5 ma.kr. og eigin tjón að fjárhæð 12,3 ma.kr. Megnið af hækkun tjóna ársins fellur á íslensku vátryggingafélögin án þess að reyni á endurtryggingaverndina, sem skýrir hvers vegna eigin tjón nema hærri fjárhæð en eigin iðgjöld.

Iðgjöld ársins 1999 hækkuðu frá því sem var 1997 og 1998 á föstu verðlagi, en voru þó 140 m.kr. lægri en árið 1996. Þessi sveifla stafar m.a. af aukinni verðsamkeppni í ökutækjatryggingum. Mikil hækkun iðgjalda lögboðinna ökutækjatrygginga sumarið 1999 skilar sér ekki að fullu í iðgjaldtekjum fyrr en á árinu 2000, svo að þess vegna er fyrirsjáanleg hækkun iðgjaldatekna á yfirstandandi ári. Rekstrarkostnaður skaðatrygginga var 2,8 ma.kr. Hann hefur hækkað jafnt og þétt síðustu ár.



Mynd 12. Sýnir þróun iðgjalda og tjóna í skaðatryggingum síðan 1996, annars vegar þróun heildartjárhæða og hins vegar iðgjöld og tjón í eigin hlut á verðlagi ársins 1999.

Non-life insurance millions of ISK at 1999 prices

■ 1996
■ 1997
■ 1998
■ 1999

Eigin iðgjöld hafa þróast með nokkuð öðrum hætti en heildariðgjöld síðastliðin ár vegna þess að gagnkvæm endurtryggingavernd íslenskra váttryggingafélaga hefur minnkað samhliða vaxandi samkeppni þeirra í milli. Stefnir í að endurtryggingaverndin verði nær öll keypt í útlöndum jafnframt því sem váttryggingafélögin munu sennilega sjálf bera meiri áhættu en verið hefur.

Einstakir greinaflokkar skaðatrygginga

Mynd 13 sýnir hvernig iðgjöld ársins hafa þróast í helstu greinaflokkum skaðatrygginga. Jafnframt sést innbyrðis vægi einstakra greinaflokka í iðgjaldtekjum.

Í lögboðnum ökutækjetryggingum sjást áhrif verðsamkeppni sem stóð frá vetrinum 1996–1997 fram á sumar 1999. Talsverðar umræður urðu um lögboðnar ökutækjetryggingar vegna tveggja mikilla iðgjaldahækkana, fyrst sumarið 1999 og svo aftur síðastliðið sumar. Þær umræður bera þess merki að váttryggingafélögin birta ekki opinberlega gögn um hvernig iðgjöld og tjónaáætlanir liðinna ára hafi reynst.

Í lögboðnum ökutækjetryggingum og í almennum ábyrgðartryggingum voru tjón hærri en iðgjöld á árinu 1999. Lengstan tíma tekur að gera upp tjón í þessum greinaflokkum ásamt slysa- og sjúkra-tryggingum. Áætlaður meðaluppjörstími í hverjum þessara greinaflokka, það er tjónaskuld sem hlutfall af greiddum tjónum, er frá tveimur og hálfu ári upp í þrjú og hálf ár miðað við tölur ársins 1999. Meðaluppjörstími í öðrum helstu greinaflokkum er um eða innan við eitt ár.

Líftryggingar

Vöxtur í líftryggingum hélt áfram á árinu 1999,

mest í líftryggingum með fjárfestingaráhættu líftryggingataka. Bókferð iðgjöld voru 965 m.kr., sem er 240 m.kr. meira en á árinu 1998. Hækkun milli árana 1997 og 1998 var 160 m.kr. Áður höfðu iðgjöld líftrygginga verið um 500 m.kr. á ári. Velta í líftryggingum er þó aðeins brot af veltu í skaðatryggingum.

Hagnaður

Samanlagður hagnaður váttryggingafélaganna¹


var 1.342 m.kr. á árinu 1999. **Mynd 14** sýnir hvernig hagnaður hefur þróast frá 1996.

Í rekstrarreikningi er fjárfestingartekjum skipt eftir fastri reglu á váttryggingarekstur og fjármálastarfsemi og síðan reiknaður hagnaður af hvorum hluta starfseminnar um sig. Hagnaður af váttrygginga-

¹ Þessar tölur eru samanlagðar tölur allra váttryggingafélaganna. Ekki er tekið tillit til þess að váttryggingafélög eiga eignarhluti í öðrum váttryggingafélögum, sem verður til þess að hagnaður er tvítalinn að hluta, ef til vill sem nemur um 15 af hundrði.


Mynd 13.
Próun iðgjalda í helstu greinaflokkum skaðatrygginga á verðlagi ársins 1999

Premiums earned in the main non-life classes
millions of ISK at 1999 prices




Mynd 14.
Hagnaður váttryggingafélaga á verðlagi 1999

Total profit of insurance companies
millions of ISK at 1999 prices



Mynd 15.
Hagnaður af helstu þáttum í starfi váttryggingafélaga á verðlagi 1999

Total profit from principal activities of insurance companies
millions of ISK at 1999 prices



rekstri hefur minnkað ár frá ári síðan þessi reikni-
aðferð var fyrst notuð við reikningsskil fyrir árið
1996, en hagnaður af fjármálarekstri aukist á móti.
Á mynd 15 er sýnd þróun þessara rekstrarliða
váttryggingafélaga árin 1996 til 1999 á verðlagi
ársins 1999. Hagnaður af starfsemi er samtala
þeirra óreglulegra liða að frádregnum skatti.
Lítinn hagnaður af skaðatryggingarekstri á árinu
1999 verður að skoða í samhengi við hin miklu
tjón ársins.

Efnahagur váttryggingafélaga

Í samræmi við eðli
váttryggingastarfsemi
voru fjárfestingar stærsti
eignaliður félaganna, 41,5 ma.kr. í árslok 1999.
Skuldamegin er váttryggingaskuldin stærst, tæpir
39 ma.kr.


Í grófum dráttum má segja að fjárfestingar og
váttryggingaskuld séu nálægt 70% af efnahags-
reikningum. Samanlagðar eignir váttryggingafélaga
annarra en Viðlagatryggingar voru 56,7 ma.kr. í
árslok 1999 og höfðu hækkað frá fyrra ári um
rúma 5 ma.kr.

Mynd 16 sýnir þróun helstu fjárfestingarliða frá
1996. Liðurinn verðbréf með breytilegum tekjum
hefur vaxið ört síðustu ár, en hlutur verðbréfa með
föstum tekjum hefur minnkað. Bílalan, sem eru
meirihluti veðlana, hafa vaxið mikið, en dregið
hefur úr öðrum veðlanum.

Mynd 17 sýnir eigið fé og váttryggingaskuld í
heild. Báðir liðir hafa vaxið jafnt og þétt. Hluti
eigin fjár er þó tvítalinn vegna eignarhluta sem
váttryggingafélög eiga í öðrum váttrygginga-
félögum.


Hlutur endurtryggjenda í váttryggingaskuld er
færður sem eignaliður í ársreikninga, en hann nam
4,2 ma.kr. Eigin váttryggingaskuld var því samtals
34,7 ma.kr. **Mynd 18** sýnir þróun helstu liða eigin
váttryggingaskuldar síðustu fjögur ár. Skipting milli
skaðatryggingafélaga og líftryggingafélaga er þan-
nig að um 11% iðgjaldaskuldar í árslok 1999 er hjá
líftryggingafélögum, en hlutur þeirra í tjóna- og
bótaskuld og í útjöfnunarskuld er óverulegur. Auk
þeirra liða, sem myndin sýnir, tilheyra váttrygginga-
skuldinni ágóðajöfnunarskuld skaðatrygginga-
félaga, sem nam 340 m.kr. í árslok 1998, og
liðurinn ágóðaskuld og afsláttur úr reikningum
líftryggingafélaga, sem var 111 m.kr.

Iðgjaldaskuld hækkar í samræmi við aukin umsvif
og hærri iðgjöld í ökutækjatryggingum og tjóna-
skuld hækkar í samræmi við mikil tjón. Gengið
var á útjöfnunarskuld á árinu 1999 til þess að veða
á móti halla á ökutækjatryggingum sem stafaði af
miklum tjönnum.




Mynd 16.
Þróun helstu fjárfestingarliða
váttryggingafélaga á verðlagi ársins 1999
*Principal classes of investment millions of ISK
at 1999 prices*

■ Verðbréf með breytilegum tekjum
Variable-yield securities
■ Verðbréf með föstum tekjum
Fixed-income securities
■ Veðlán
Loans guaranteed by mortgages
■ Þar af bílalan
Thereof car loans



Mynd 17.
Eigið fé váttryggingafélaga ásamt
váttryggingaskuld í heild á verðlagi 1999
*Own capital and gross technical provisions
millions of IKR at 1999 prices*

■ Eigið fé *Capital*
■ Váttryggingaskuld *Technical provisions*



Mynd 18.
Helstu liðir eigin váttryggingaskuldar
á verðlagi 1999
*Main components of net technical provisions
millions of IKR at 1999 prices*

■ Iðgjaldaskuld
Provision for premiums
■ Tjóna- og bótaskuld
Provision for claims
■ Útjöfnunarskuld
Equalization provision

Insurance market trends and outlook

There are 14 insurance companies authorised in Iceland. All are domestically controlled and underwrite mainly domestic business but buy reinsurance protection in Europe. There are three relatively large limited liability companies in general non-life business and four specialised mutuals. The mutuals will have to amend their by-laws, since a special law on their activity was recently abolished. Two other companies will be in run-off from next year on. A state-owned marine insurance company is being privatised. The natural catastrophe insurance is the only state-run insurance business. There are three small life insurance companies, all of them limited liability companies.

Several European insurers carry insurance risk in Iceland in virtue of the EEA agreement. The main contact of Icelandic insurance brokers, a relatively new sector, has been with insurers in other EEA member states. Total premiums mediated by the brokers in 1999 were ISK 915 million.

In non-life business, 1999 was characterised by much higher claims than in previous years. Gross claims incurred were ISK 14.9 billion, up by ISK 3.4 billion from previous year. Premiums earned were ISK 15.1 billion. Premiums for own account increase faster than gross premiums, since domestic reinsurance is vanishing.

Of the increase in claims incurred, ISK 2.4 billion came from motor insurance. Public debate following two recent 30% increases of motor insurance premiums are marked by the lack of exact insurance-technical information, such as the development of previous years.

Life insurance is growing fast, but is still only a fraction of the non-life business.

Total profit of all insurance companies was ISK 1,342 million and has been gradually increasing. The technical result has been decreasing but profit from investments has more than caught up.

Investments and technical provisions are roughly ISK 40 billion each, or 70% of the balance-sheet result, which totalled to ISK 56.7 billion. The composition of the investments has been changing to variable-yield securities and mortgage loans. Own capital and technical provisions have both been constantly increasing for the last 4 years.

See graphs on pages 25-27

4

Áherslur í starfi Fjármálaeftirlitsins næstu misseri *The FME's Supervisory Emphasis*

- Áhættustýring og innra eftirlit.
- Markaðsáðhald.
